Ingibjörg segist vilja öfluga ríkisstjórn með góðan þingmeirihluta, og að Samfylking verði hluti af henni. „Annars vegar er möguleiki á R-lista samstarfi, en það veltur á því hvort Vinstri græn og Framsóknarmenn geti grafið stríðsöxina. Hins vegar er samstarf okkar og Sjálfstæðisflokks sem ég tel að geti fyllilega verið valkostur. Þetta er samt allt í höndunum á Geir H. Haarde og Jóni Sigurðssyni eins og er.“



KOSNINGAVAKA Stjórnarflokkarnir héldu meirihluta sínum á þingi á minnihluta atkvæða, fengu 88.098 atkvæði en stjórnarandstöðuflokkarnir 88.111.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Meingallað kerfi
sem þarf að breyta

Baldur Þórhallsson segir kosningakerfið gallað og nauðsynlegt sé að breyta því. Best væri að breyta landinu öllu í eitt kjördæmi en nauðsynlegt er að fjölga jöfnunarmönnum, segir Baldur. Lögin verða aldrei fullkomin, segir Þorkell Helgason.

„Úrslitin varpa ljósi á það hversu kosningakerfið er gallað,“ segir Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, en hann telur löngu orðið tímabært að jafna vægi atkvæða með breytingum á kjördæmaskipan. „Þegar mjótt er á munum þá kemur í ljós hversu kosningakerfið er meingallað og ólýðræðislegt á margan hátt. Það þarf að jafna vægið, helst með því að hafa allt landið eitt kjördæmi, og síðan þyrfti að fjölga jöfnunarmönnum til þess að rétta hlutföllin sem liggja að baki hverjum þingmanni.“

Í Reykjavíkurborg kjördæmi norður komust fimm samfylkingarmenn á þing en flokkurinn fékk samtals 29,2 prósent atkvæða í kjördæm-

inu. Sjálfstæðisflokkurinn fékk 36,4 prósent atkvæða en samt ekki nema fjóra þingmenn.

Baldur segir þessar tölur sýna að breytinga sé þörf. „Það er ekki lýðræðislegt að atkvæði sumra kjósenda vegi næstum eða rúmlega tvöfalt meira en annarra. Til dæmis í Reykjavíkurborg kjördæmunum þá fær Framsóknarflokkurinn 4.266 atkvæði en nær ekki inn neinum þingmanni, á meðan flokkurinn fær 5.726 í Norðausturkjördæmi og þrjá þingmenn. Á þessu sést galli á kerfinu sem í raun felur í sér lýðræðishalla.“

Þorkell Helgason, sem samdi kosningakerfið, segir það aldrei geta verið alveg fullkomið. „Ég er ekki tilbúinn til þess að svara því hvort nauðsynlegt sé að breyta



BALDUR ÞÓRHALLSSON Segir kerfið gallað og því þurfi að breyta.

ÞORKELL HELGASON Hugsanlega þarf að skoða málin betur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

kerfinu á einhvern hátt, enda er það stórpólitískt mál sem ég er ekki tilbúinn til þess að blanda mér í. Hugsanlega þarf að skoða þessi mál betur með tilliti til búsetuflutninga fólks á síðustu árum.“

Stjórnarandstöðuflokkarnir, Samfylkingin, Vinstri græn og Frjálslyndi flokkurinn, fengu 48,4 prósent atkvæða en Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn 48,3 prósent. Stjórnin hélt því velli á minnihluta atkvæða, fékk 88.098 atkvæði á móti 88.111 atkvæðum stjórnarandstöðuflokkanna.

magnush@frettabladid.is

ATHYGLISVERÐ ATRIÐI KOSNINGA

- Sjálfstæðisflokkurinn fékk 36,4 prósent atkvæða í Reykjavíkurborg kjördæmi norður og fjóra þingmenn kjörna, en Samfylkingin 29,2 prósent atkvæða og fimm þingmenn. Tveir af þeim, Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Ellert B. Schram, voru jöfnunarþingmenn.
- Framsóknarflokkurinn fékk 5.726 atkvæði í Norðausturkjördæmi, og þrjá þingmenn kjörna, en 4.266 atkvæði í Reykjavíkurborg kjördæmunum en enginn þingmaður flokksins náði kjöri.
- Samfylkingin fékk 26,8 prósent atkvæða í Suðurkjördæmi og tvo þingmenn en Framsóknarflokkurinn fékk 18,7 prósent atkvæða og náði inn sama fjölda þingmanna.

Fjórir þingmenn og umhverfisráðherra eru döttin út af Alþingi:

Sigurjón fer í gamla starfið

Drír þingmenn og einn ráðherra dattu út af þingi í kosningunum á sunnudag; Magnús Þór Hafsteinsson, Mördur Árnason, Sigurjón Þórðarson og Jónína Bjartmarz. „Það er líf fyrir og eftir Alþingi og allir möguleikar í stöðunni,“ segir Jónína Bjartmarz, umhverfisráðherra og lögmaður, „bæði skemmtileg störf og að rækta garðinn sinn. Ég er ekki hætt í pólitík. Pólitískur áhugi hverfur ekki þótt maður nái ekki endurkjöri.“

Magnús Þór Hafsteinsson er ekki hættur í pólitík þó að hann viti ekki alveg hvað hann fer að gera. „Ég ætla að halda áfram að starfa fyrir Frjálslynda flokkinn af fullum krafti. Það er enginn bilbugur á mér. Það er allt í lagi þó að ég detti út af þingi í smátíma. Ég kem aftur,“ segir hann.

Sigurjón Þórðarson á von á því að flytja aftur á Krókinn og taka við sínu gamla starfi sem framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra á Saudárkróki í haust. Hann býst við halda sig til hlés



LÍF FYRIR OG EFTIR „Það er líf fyrir og eftir Alþingi,“ segir Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra sem datt út af þingi í kosningunum.

í pólitíkinni þegar hann er kominn aftur í stjórnsýsluna.

„Það hefur ekki verið mikill undirbúningur að þessari staðreynd. Það eina sem ég hef ákveðið er að ákveða ekkert í fljótheitum. Í fornsögum segir að bráðar séu blóðnætur sem þýðir á nútímamáli að maður á að telja upp að tíu,“ segir Mördur Árnason.

- ghs



OPINN KYNNINGARFUNDUR UM MBA

STUND: Þriðjudaginn 15. maí kl. 17:15 verður haldinn opin kynningarfundur um MBA-nám við Háskólann í Reykjavík.

STAÐUR: Ofanleiti 2, í Stjórnendaskóla HR, 3. hæð.

Finnur Oddsson, forstöðumaður MBA við HR, kynnir námið auk þess sem nemendur úr MBA-námi HR segja frá reynslu sinni af því.

Skráning á mba@ru.is
Frekari upplýsingar:
www.hr.is/mba eða í sínum
599 6267 eða 599 6262.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Tuttugu konur náðu kjöri:

Premur konum færri á þingi

Konur á þingi fækkaði um þrjár við kosningarnar á laugardag. Tuttugu konur og 43 karlar náðu kjöri.

Við kosningarnar 2003 hlutu nítján konur kosningu en á kjörtímabilinu fjölgaði þeim um fjórar þar sem konur tóku þingsæti fjögurra karla sem hættu á þingi.

Flestar konur, átta, voru kjörnar á þing fyrir Sjálfstæðisflokkinn, sex fyrir Samfylkinguna, fjórar fyrir VG og tvær fyrir Framsóknarflokkinn. Hæst hlutfall kvenna er í þingflokki VG; fjórar á móti fimm körlum. Í kosningunum 2003 náðu fjórar konur kjöri fyrir Sjálfstæðisflokkinn, níu fyrir Samfylkinguna, fjórar fyrir Framsóknarflokkinn og tvær fyrir VG en þegar kjörtímabilinu lauk hafði sjálfstæðiskonur fjölgað um þrjár og framsóknarkonur um eina.

Aðeins karlar eru þingmenn Norðvesturkjördæmis. - bps

Kristinn H. Gunnarsson:

Á Alþingi með 1.216 atkvæði

Kristinn H. Gunnarsson, Frjálslynda flokknum, var á laugardaginn kjörinn alþingismaður. Miðað við kosningalögin komst Kristinn inn á Alþingi á 1.216 persónulegum atkvæðum. Þetta er reiknað þannig að sá frambjóðandi sem er í öðru sæti lista fær helming atkvæða listans talinn sem persónuleg atkvæði sín. Frambjóðandi í þriðja sæti fær þriðjung þeirra og svo koll af kolli.

Flest persónuleg atkvæði teljast til Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, sem var í efsta sæti Sjálfstæðisflokks í Suðvesturkjördæmi, eða 19.307. - kóp



BLÓM EFTIR ÞINGFLOKKSFUNÐ Nýir þingmenn VG, Atli Gíslason, Katrín Jakobsdóttir, Álfheiður Ingadóttir og Árni Þór Sigurðsson með blóm eftir þingflokksfund. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýliðun á þingi:

Þrír hafa setið á þingi áður

Tuttugu og fjórir nýir menn setjast inn á þing í haust, þar af eru þrír sem hafa setið á þingi áður. Það eru Ellert B. Schram fyrir Samfylkinguna, Árni Johnsen fyrir Sjálfstæðisflokkinn og Karl V. Matthíasson fyrir Samfylkinguna.

Nýir þingmenn eru Höskuldur Þór Þórhallsson, Bjarni Harðarson, Ólöf Nordal, Björk Guðjónsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Jón Gunnarsson, Illugi Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Ragnheiður Elín Arnadóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Jón Magnússon og Grétar Mar Jónsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Árni Páll Arnason, Gunnar Svavarsson, Guðbjartur Hannesson, Katrín Jakobsdóttir, Árni Þór Sigurðsson, Álfheiður Ingadóttir og Atli Gíslason. - ghs

Birkir Jón Jónsson er enn yngsti þingmaðurinn en Ellert B. Schram er elstur:

Prettán lögfræðingar á þingi

Hinn 27 ára gamli framsóknarmaður, Birkir Jón Jónsson, er yngstur þingmanns, líkt og fyrir fjórum árum þegar hann var fyrst kjörinn.

Næst yngstur er Ágúst Ólafur Ágústsson Samfylkingunni sem er þrítugur og þar á eftir er Katrín Jakobsdóttir VG sem er ári eldri.

Ellert B. Schram Samfylkingunni er elsti þingmaðurinn, 67 ára, Jóhanna Sigurðardóttir, flokkssystir hans, er 64 ára, og Jón Bjarnason VG er 63 ára.

Jóhanna er sá þingmaður sem býr að mestri þingreynslu, hún var kjörin fyrst á þing 1978. Steingrímur J. Sigfússon VG var fyrst kjörinn 1983 og Geir H. Haarde Sjálfstæðisflokki 1987.

Ellert B. Schram er þó sá núverandi þingmanns sem fyrst var kjörinn, það var 1971 fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

Prettán lögfræðingar voru kjörir til þings á laugardag. Flestir eru í þingflokki Sjálfstæðisflokksins; sex, fjórir í Samfylkingunni og einn í Framsóknarflokknum, Frjálslynda flokknum og VG. Nokkrir framvarðarmenn í sveitarstjórnarpólitík náðu kjöri, þar á meðal einn bæjarstjóri og tveir forsetar bæjarstjórna, auk prests og bóksala svo nokkuð sé nefnt.

Enginn bóndi er á Alþingi og er þetta að líkindum fyrsta kjörtímabil þingsögunnar sem bóndi situr ekki á þingi. - bps



Í GÆR Ellert B. Schram, elstur þingmanns, fær sér kaffi með Þórunni Sveinbjarnardóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

NÁTTÚRULEG HÆFNI TIL AÐ HAFA GAMAN AF LÍFINU

Nissan Navara

Ertu að leita að hinum fullkomna pallbil? Þú þarft ekki að leita lengra. Nýjum Navara er ekkert ofviða. Hann er einstaklega sterkbyggður, kraftmikill og spennandi í akstri. Navara er smíðaður fyrir stritið í dagsins önn og býr að auki yfir öllu því úthaldi sem tímstundir þínar krefjast. Navara er fremstur í sínum flokki, enda mest seldi pallbillinn í Evrópu árið 2006. Engan skyldi undra, Navara skapar einfaldlega svo áberandi mikið fram úr.

KOMDU OG REYNSLUAKTU!



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíó: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt

Akureyri 464 7940

Höfn í Hornafirði 478 1990

Njarðvík 421 8808

Reyðarfirði 474 1453

VERKFRÆÐIDEILD



RAFMAGNS- OG TÖLVU- VERKFRÆÐI



Stýrifræði
Merkjafræði
Raforkufræði
Fjarskiptaverkfræði
Rafeindatækni
Tölvuverkfræði
Rásafræði
Hátækni



Umsóknarfrestur er til 6. júní

Nánari upplýsingar á www.verk.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

Hæstiréttur dæmdi uppsögn tölvunarfræðings hjá Landspítalanum ólögmeeta:

Átti að leggja mat á hæfni

DÓMSMÁL Landspítalanum-háskóla-sjúkrahúsi (LSH) bar að leggja mat á hæfni Salmanns Tamimi samanborið við aðra starfsmenn áður en honum var sagt upp störfum árið 2006, samkvæmt dómi Hæstaréttar sem féll á fimmtudag. Hæstiréttur sneri dómi Héraðsdóms Reykjavíkur og dæmdi uppsögnina ólögmeeta.

„Þessi niðurstaða er fagnaðar-efni og að nokkru leyti fordæmisgefandi,“ sagði Jóhannes Rúnar Jóhannsson, lögmaður Salmanns, eftir að dómur var kveðinn upp. Hann sagðist ekki vita til þess að áður hefði fallið dómur þar sem fram kæmi að leggja bæri mat á



LANDSPÍTALI Uppsögn LSH á tölvunarfræðingi árið 2006 var dæmd ólögmeit í Hæstarétti.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA
hæfni starfsmannsins samanborið við aðra starfsmenn áður en honum væri sagt upp.

Salmann er menntaður tölvunarfræðingur og vann sem verkefnastjóri á upplýsingatækni við LSH í 11 ár. Honum var sagt upp störfum

þar sem ákveðið hafði verið að leggja niður starf hans vegna skipulagsbreytinga. Í rökstuðningi vegna uppsagnarinnar kom fram að þar sem Salmann hefði sérhæft sig í að þjónusta ákveðið tölvukerfi spítalans sem til staði að hætta að nota þyrfti að leggja starf hans niður.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að uppsögnin hefði verið ólögmeit, en að ekki hefði verið hægt að ógilda hana þar sem hún hefði þegar verið orðin að veruleika þegar málið fór fyrir dóm. Uppsögnin var því dæmd ólögmeit, og Landspítalanum gert að greiða málskostnað Salmanns, 750 þúsund krónur.

- bj / mh



FRAMTÍÐARSÝNIN Menningarmiðstöðin verður glæsilegt 5.200 fermetra mannvirki. Þar verður fjölbreytt þjónusta fyrir aldræða og borgarbúa almennt.

MYND/THG ARKITEKTAR

Lausn fengin í umdeilt skipulagsmál

Viljayfirlýsing um byggingu menningarmiðstöðvar í Mjódd olli deilum innan borgarstjórnar í fyrra. Formaður borgarráðs segir gagnrýni hafa verið ástæðulausa frá upphafi. Minnihlutinn segir borgarstjórn hafa bakkað í málinu.

SKIPULAGSMÁL Reykjavíkurborg byggir þjónustu- og menningarmiðstöð í Spönginni í Grafarvogi að loknu útboði, að tillögu Björns Inga Hrafnssonar, formanns borgarráðs. Í október var undirrituð viljayfirlýsing á milli borgarinnar og sjálfseignarstofnunarinnar Eirar, hjúkrunarheimilis, um byggingu miðstöðvarinnar, og öryggisbúða á sama stað. Olli hún titringi innan borgarkerfisins þar sem því var haldið fram að miðstöðinni hefði verið bætt inn í yfirlýsinguna eftir á, og að hún væri ekki í samræmi við samþykkt borgarráðs. Björn Ingi sagði í nóvember að mistök hefðu verið gerð í orðalagi viljayfirlýsingarinnar, sem yrðu leiðrétt. Minnihlutinn í borgarstjórn hélt því fram að lög um opinber innkaup og útboðsskyldu sveitarfélaga hefðu líklega verið brotin með viljayfirlýsingunni.

Á fundi borgarráðs í gær var samþykktur samningur við Eir hjúkrunarheimili, um úthlutun byggingaréttar fyrir öryggisbúðir í Spönginni í Grafarvogi og samstarf, samvinnu og verkaskiptingu vegna framkvæmda, byggingar og rekst-



BJÖRN INGI HRAFNSSON

DAGUR B. EGGERTSSON

Pað stendur allt sem ég sagði um málið. Það urðu mistök varðandi orðalag í viljayfirlýsingu og málið var afgreitt í samræmi við það sem ég þá lýsti.

BJÖRN INGI HRAFNSSON,
FORMAÐUR BORGARRÁÐS

urs öryggisbúða og þjónustu- og menningarmiðstöðvar. Eir byggir öryggisbúðirnar en Reykjavíkurborg þjónustu- og menningarmiðstöðina.

Í október var gengið frá viljayfirlýsingu um byggingu menningar-

miðstöðvarinnar við Eir. Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs, sagði á þeim tíma að mistök hefðu verið gerð í orðalagi yfirlýsingarinnar þegar menningarmiðstöð varð hluti af henni. Hann lýsti því að hún væri ekki bindandi á neinn hátt og enginn skaði skeður þar sem hún tæki aðeins til þess sem átti að ræða.

Björn Ingi segir að niðurstaðan sé í samræmi við svör sem hann gaf í nóvember. „Það stendur allt sem ég sagði um málið. Það urðu mistök varðandi orðalag í viljayfirlýsingu og málið var afgreitt í samræmi við það sem ég þá lýsti. Ekkert af því sem minnihlutinn hafði áhyggjur af hefur orðið raunin, eins og kemur fram í bókun þeirra í borgarráði.“

Í bókun sinni fagnar Samfylkingin niðurstöðu í málinu og að búið sé að taka af allan vafa og misskilning varðandi fyrirhugaða uppbyggingu í Spönginni. Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn, segir meirihlutann hafa bakkað með að láta Eir hafa verkið. „Allar okkar ábendingar og gagnrýni náðu fram að ganga, þótt það hafi tekið tíma.“ svavar@frettabladid.is

Seðlabankinn í vítahring með stýrivexti vegna erlendra fjárfesta segir próffessor:

Vextir áfram háir næstu árin

EFNAHAGSMÁL Vextir hér á landi verða að líkindum áfram háir næstu árin, og erfitt að sjá hvernig Seðlabankinn getur lækkað vexti jafnvel þótt atvinnuástandið versni, segir Þórólfur Matthíason, hagfræðipróffessor við Háskóla Íslands.

Hann segir að upp sé kominn ákveðinn vítahringur. Ef Seðlabankinn lækki stýrivextina megi búast við því að erlendir aðilar sem eiga eignir í krónum selji. Við það lækki gengið og verðbólga aukist, svo eina leið Seðlabankans sé að hækka stýrivextina aftur til



ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON

seu mun lægri, og hagnist á vaxtamuninum. Það séu þeir sem græði á háu vaxtastigi hér á landi, á meðan almenningur tapi.

„Það getur vel verið að við verð-

um í þeirri aðstöðu að þurfa að hafa háa vexti áfram, jafnvel þótt atvinnuástandið versni, bara til þess að halda uppi genginu, og þar með halda verðbólgunni niðri,“ segir Þórólfur. Vel geti verið að það takist að ná vöxtunum niður, en ljóst að það eigi eftir að taka talsverðan tíma.

Þórólfur segir að ein leið út úr vítahringnum sé að taka upp erlenda mynt, til dæmis evruna, hér á landi, þó það geti auðvitað tekið töluverðan tíma, og krefjist líklega inngöngu í Evrópusambandið.

- bj



Sími 514 7000 Sími 514 8000 Sími 551 9555 Sími 511 3350 Sími 562 7335 Sími 552 5700 Sími 575 7900 Sími 514 6060 Sími 561 8555 Sími 444 5050 Sími 534 4700 Sími 561 5100 Sími 551 1200

Tilboðsdagar fyrir korthafa 14.–20. maí

Vor í Reykjavík

Dagana 14. til 20. maí verða tilboðsdagar í Reykjavík fyrir handhafa e-kortsins og e² Vildarkortsins. Þessa daga fá korthafar aukinn afslátt og/eða endurgreiðslu hjá völdum hótelum, veitingahúsum, í Þjóðleikhúsinu og Baðhúsinu. Nýttu þér spennandi kortatilboð og dekraðu við þig – þú hefur gott af því!

Leikhús:

Þjóðleikhúsið*

20% afsláttur fyrir korthafa
Sýningar í boði þessa viku:

- Hjónabandsglæpir: 16., 17. og 20. maí
- Leg: 19. maí
- Hálsfesti Helenu: 18. maí
- Gymbeline, eftir Shakespeare: 17. og 18. maí

Dekur:

Dekurdagur í Baðhúsinu
Tilboðsverð fyrir korthafa:
12.990 kr.

Fullt verð: 16.380 kr.

- Andlitsnudd og maski
- Litun á augnhárum og augabrúnum
- Plokkun/vax á augabrúnum
- Lökkun & þjölun fyrir hendur
- Kvöldfórðun
- Heit laug
- Vatnsgufa
- Hvíldarheiður

Veitingahús:

15% endurgreiðsla

- Argentína
- Apótek
- Primavera Ristorante
- Hereford steikhús
- Fjalakötturinn*
- Caruso
- VOX Restaurant/Bistro
- Hótel Holt, veitingar

20% endurgreiðsla

- Vín og Skel

Gisting:

Grand Hótel Reykjavík*

Gisting í tveggja manna herbergi
12.800 kr.

Hótel Reykjavík*

Gisting í tveggja manna herbergi
15.100 kr.


* Framvísa þarf korti fyrirfram.

e kort
www.ekort.is

e² Vildarkort
www.e2.is

Svona erum við

> Fjöldi meðlima í Félagi íslenskra hljómlistarmanna



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: STJÓRNARFAR Í AUSTUR-TÍMOR

Austur-Tímor er eitt fátækasta ríki Asíu

Íbúar yngsta sjálfstæða ríkis Asíu, Austur-Tímor, kusu sér forseta fyrir helgina. Jose Ramos-Horta, hinn 75 ára gamli sigurvegari kosninganna sem er handhafi friðarverðlauna Nóbels, hefur heitið því að vinna með alþjóðasamfélaginu að bjartari framtíð landsins.

Hvenær fékk Austur-Tímor sjálfstæði?
Indónesía réðst inn í Austur-Tímor stuttu eftir að Portúgalar sleptu hendinni af þessari nýlendu sinni árið 1975. Árið 1999 leyfði Indónesía íbúum Austur-Tímor að kjósa á milli sjálfstæðis og heimastjórnar. Herlið hliðhollt stjórnvöldum í Indónesíu reyndi árangurslaust að beita ógnunum til að fæla fólk frá því að kjósa sjálfstæði. Þegar úrslitin voru ljós myrti herliðið hundruð manna og lagði bæi í rúst.

Alþjóðalið var sent á vettvang til að stöðva grimmdarverkin og í kjölfarið fóru Sameinuðu þjóðirnar að vinna með stjórnvöldum í landinu við að koma á stöðugleika.

Hvernig hefur uppbygging gengið frá því Austur-Tímor fékk sjálfstæði?
Öryggi hefur verið ótryggt í landinu. Eftir að ofbeldisalda braust út á milli gengja árið 2006 sendu Sameinuðu þjóðirnar nýtt frið-



argæslulið á vettvang. Fátækt og atvinnuleysi voru sögð hafa kynt undir því að upp úr sauð.

Hverjar eru framtíðarhorfur Austur-Tímor?
Austur-Tímor er eitt fátækasta land Asíu og mun þurfa að reiða sig á hjálp erlendis frá á komandi árum. Innviðir stjórnskipulagsins eru veikir og þurrkar eru tíðir. Hins vegar felast möguleikar í miklum gas- og olíulindum við strendur landsins. Heimild: Fréttavefur BBC

SPURT & SVARAD

BEIN ÚTSENDING Á TANNADGERÐ

Algengt erlendis

Tannlæknar og fjölmiðlamenn fengu að fylgjast með tannaðgerð í Salnum í Kópavogi nýlega þegar settir voru sjö tannplantar í konu. Elín Sigurgeirsdóttir tannlæknir er í forsvari fyrir aðgerðina.

ELÍN SIGURGEIRSDÓTTIR
Tannlæknir

Hvað eru tannplantar?

„Tannplantar eru málmkrúfur úr frumefninu titánium. Tannplantarnir festast í kjálkabeininu, beinið græir í kringum þá og þeir verða eins og rót á tönn.“

Hvað er umdeilt í þessu?

„Ekkert. Erendis er svona aðgerð gerð í beinni útsendingu og þá sést nákvæmlega hvernig hún er gerð. Maður lærir meira af því að horfa á myndir og sjá hvernig hlutirnir eru gerðir en að lesa texta í bók. Þessi fundur var óvenjuvel sóttur af kollegum; geysilega áhugaverð og skemmtileg uppákoma.“

Brown stígur fram í sviðsljósið

Gordon Brown hefur árum saman staðið í skugga Tonys Blair. Í huga flestra Breta hefur hann til þessa verið að mestu óþekkt stærð, en nú virðist hans tími kominn.

Nokkuð öruggt þykir að Gordon Brown hljóti yfirgnæfandi fylgi í leiðtogakjöri breska Verkamannaflokksins og taki við af Tony Blair bæði sem flokksleiðtogi og forsetisráðherra nú í lok júní.

Tveir þingmenn Verkamannaflokksins hafa reyndar lýst áhuga sínum á að blanda sér í slaginn, báðir úr vinstri armi flokksins sem hefur verið ósáttur við áherslur Blairs í mörgum málum. Þeir heita John McDonnell og Michael Meacher og hafa gert með sér samkomulag um að sá þeirra sem fær minni stuðning innan Verkamannaflokksins muni hætta við framboð og lýsa yfir stuðningi við hinn. Það ætti að skýrast í dag hvor þeirra verður ofan á, en litlar líkur þykja þó til



GORDON BROWN OG SARAH, EIGINKONA HANS Á föstudaginn tilkynnti Brown opinberlega að hann myndi bjóða sig fram sem arftaka Blairs.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þess að Brown bíði lægri hlut í þeirri viðureign.

Gamall draumur

Brown hafði reyndar vonast til þess að verða leiðtogi Verkamannaflokksins strax árið 1994 þegar John Smith, þáverandi leiðtogi, lést óvænt eftir aðeins tvö ár í embættinu.

Í staðinn fyrir að keppa um embættið í kosningum innan Verkamannaflokksins eru þeir Blair og Brown sagðir hafa gert með sér samkomulag um að Brown myndi víkja til þess að Blair fengi örugga kosningu. Í staðinn á Blair að hafa samþykkt að víkja fyrir Brown síðar meir.

Stuðningsmenn Blairs hafa neitað því að slíkt samkomulag hafi nokkru sinni verið gert, en ítrekað hafa samt komið upp sögusagnir um að Brown hafi beinlínis unnið gegn Blair á bak við tjöldin og reynt að þrýsta á hann um að segja af sér svo hann gæti tekið við, ekki síst eftir að líða tók á þriðja kjörtímabil Blairs, þegar vinsældir hans voru orðnar minni og Blair hafði sjálfur lýst því yfir að þetta yrði síðasta kjörtímabil sitt.

Í skugga Blairs

Brown er prestssonur frá Skotlandi og lærði á sínum tíma sagnfræði við Edinborgarháskóla. Hann er tveimur árum eldri en Blair og þeir voru báðir fyrst kosnir á þing sumarið 1983. Þeir höfðu lengi vel sameiginlega skrifstofu í þinginu og hafa alla tíð unnið náið saman þótt þeir hafi einnig deilt hart á stundum.

Eftir að Brown tilkynnti um framboð sitt nú fyrir helgi lýsti Blair strax yfir eindregnum stuðningi sínum við hann.

Brown hefur verið fjármálaráðherra frá árinu 1997, lengur en nokkur annar fjármálaráðherra í Bretlandi síðustu 180 árin. Hann hefur staðið næst Blair að völdum í stjórninni og staða hans innan Verkamannaflokksins er sterk. Hann hefur hins vegar aldrei

notið jafnmikilla vinsælda og Blair; þykir þurrari á manninn og stundum harður í horn að taka. Hann hefur heldur aldrei verið jafnmikið í sviðsljósinu og Blair og er þess vegna að miklu leyti óþekkt stærð enn í dag, þrátt fyrir langan og að flestu leyti farsælan ráðherraferil.

Farsæll í fjármálaráðuneytinu

Brown stærir sig meðal annars af því að hafa náð niður atvinnuleysi og haldið góðum hagvexti þessi tíu ár sem hann hefur haldið um stjórnartaumana í fjármálaráðuneytinu.

Eitt fyrsta verk hans sem fjármálaráðherra var að gefa breska seðlabankanum sjálfstæði og hann hefur lýst því yfir að hann vilji ganga enn lengra í því að draga úr miðstýringu í Bretlandi, meðal annars með því að fá fleiri stofnum hans opinbera meiri völd og auknið sjálfstæði gagnvart ríkisstjórn og þingi.

Hins vegar er talið að hann muni leggja minni áherslu á nán tengsl við Bandaríkin, sem voru einn af hornsteinunum í utanríkisstefnu Blairs. Á föstudaginn, þegar Brown lýsti yfir framboði sínu, þá sagðist hann jafnframt viðurkenna að ýmis mistök hefðu verið gerð í stríðinu í Írak og fullyrti að á næstu mánuðum myndu áherslur Breta gagnvart Írak breytast eitthvað.

Ætlar að hlusta

Þátttaka breska hersins í Íraksstríðinu hefur átt einna stærstan þátt í minnkandi vinsældum Blairs síðustu árin. Þegar Blair tilkynnti um afsögn sína á fimmtudaginn sagðist hann hafa lært það á löngum ferli sínum að taka þurfi erfiðar ákvarðanir, jafnvel þótt þær falli í grýttan jarðveg meðal þjóðarinnar.

Brown virðist hins vegar ætla að passa sig á því að ganga ekki gegn almenningssálitinu heldur gera það sem þarf til að afla flokknum nýrra kjósenda. „Ég ætla að hlusta og ég ætla að læra.

Ég ætla að leitast við að verða við væntingum fólks,“ sagði hann á föstudaginn. „Ég hef vilja til þess að vera í forsvari fyrir ríkisstjórn sem hefur næga auðmýkt til að þekkja sín takmörk.“

Slagurinn við Cameron

Framtíð Browns ræðst þó fyrst og fremst af því hvernig honum reiðir af í átökum við David Cameron, hinn unga og vinsæla leiðtoga Íhaldsflokksins. Þingkosningar verða líklega haldnar í Bretlandi árið 2009, eða í síðasta lagi árið 2010 þegar sjö ára kjörtímabil núverandi þings rennur út.

Cameron þykir minna töluvert á Blair, er vingjarnlegur og opin skár og hefur heldur betur stökkað upp stefnu Íhaldsflokksins, gefið honum mannlegri ásýnd og þokað honum töluvert til vinstri. Cameron gæti því hæglega reynst forsætisráðherra Brown þungur í skauti í kosningabaráttunni þegar þar að kemur.

Þarf ekki að flytja

Allt stefnir hins vegar í að Brown taki við forsætisráðherraembættinu eftir að Blair hættir hinn 27. júní næstkomandi, og þá þarf Brown að minnsta kosti ekki að hafa fyrir því að flytja búslóð sína í Downing-stræti númer 10, þar sem forsætisráðherra Bretlands er jafnan búsettur. Brown hefur nefnilega búið þar í eitt ár.

Hann flutti fyrir um það bil ári úr Downingstræti númer 11, þar sem fjármálaráðherra landsins býr samkvæmt hefðinni, inn í forsætisráðherraíbúðina en í staðinn flutti Blair inn í fjármálaráðherraíbúðina. Þeir ákváðu í mesta bróðerni að skiptast á íbúðum vegna þess að rýmri húsakynni í númer 11 hentuðu betur fyrir barnmarga fjölskyldu Blairs.

FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.isMontreal - Kanada
24. og 31. maí
frá kr. 33.990

Viku ferð - Síðustu sætin



Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Montreal 24. og 31. maí. Þetta er einstakt tækifæri til að njóta vorsins og lífsins í þessari stórköstlega spennandi borg sem er önnur stærsta borg Kanada. Í borginni mætast gamli og nýi tíminn, rík sagan og iðandi nýbreytnin á einstaklega

skemmtilegan hátt. Það er frábært að skoða sig um, versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og mjög hagstætt verðlag. Griptu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess besta sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða.

Verð kr. 33.990

Netverð á mann. Flugseti báðar leiðir með sköttum, vikuferð 24. eða 31. maí.

Verð kr. 49.990

Netverð á mann. Flug, skattar og gisting í tvíbýli á Travelodge Montreal m/morgunverði í 7 nætur, 24. eða 31. maí. Aukagjald fyrir einbýli kr. 19.900. Ferðir til og frá flugvelli kr. 1.900.

Flug og gisting í viku
- aðeins
kr. 49.990



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám í maí og júní

Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 35.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmu 21 ári. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.



Partner

Námskeið í maí og júní:

● Byrjendanámskeið

Windows, Word og Internetið • 27 stundir/verð 28.900
Internetið og tölvupóstur • 9 stundir/verð 10.900
Windows XP fyrir byrjendur • 9 stundir/verð 10.900
Fingrasetning - tölvuvérlitun • 6 stundir/verð: 6.900

● Access

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • 22 stundir/25.900
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • 18 stundir/34.900

● Word

Word I: Ritvinnsla fyrir byrjendur • 22 stundir/verð 22.500
Word II: Framhald • 22 stundir/verð 26.900
Töflur og eyðublöð í Word • 4 stundir/verð 6.900
Vinnsla langra skjala í Word • 13 stundir/verð 16.900
Dreifibréf og markpóstur í Word • 4 stundir/verð 6.900

● Excel

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • 22 stundir/verð 22.500
Excel IIa: Sérhæfð notkun • 18 stundir/verð 29.900

● PowerPoint

PowerPoint I: Glærur og kynningar • 13 stundir/verð 16.900

● Outlook

Outlook: póstur, tímariða og verkefni • 13 st./verð 16.900
Verkefna- og tímastjórnun með Outlook • 9 st./verð 18.900

● Publisher

Publisher: Bæklingar og kynningar • 13 st./verð 16.900

● Vefsíðugerð

DreamWeaver - vefsíðugerð • 27 stundir/verð 29.900
DreamWeaver og Photoshop • 49 st/verð 49.900

● Ljósmyndir, teikning og grafík

Ljósmyndavinnsla með Picasa • 9 stundir/verð 12.900
Stafræn ljósmyndun • 13 stundir/verð 16.900
Photoshop I: Ljósmyndir og grafík • 22 stundir/verð 26.900
Visio: Grafík og teikning • 18 stundir/verð 24.900

● FileMaker

FileMaker II: Gagnagrunnsgerð • 13 stundir/verð 24.900
FileMaker III: Forritun gagnagrunna • 27 st./69.900

● Verkefna- og tímastjórnun

Microsoft Project verkefnastjórnun • 22 st./verð 39.900
Tímastjórnun með Outlook • 6 stundir/verð 14.900

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfstöðugt við tölvunotkun.

Helstu kennslugreinar

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og Windows XP
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist þátttakandanum í vinnu eða heima við.

Lengd: 84 stundir/57 klukkust.

Verð: 74.900 staðg.

Tímar: Morgunnámskeið hefst 29. maí 2007.

Tölvusumarskólinn



Tölvusumarskólinn hefur starfað í 19 ár. Í sumar bjóðum við þrjú spennandi vikunámskeið á morgnana í júní og ágúst fyrir hressa krakka á aldrinum 9-14 ára. Blandað er saman kennslu, sjálfstæðum verkefnum og leikjum á öllum námskeiðunum. Hægt að skrá sig í Tölvusmiðju barna og unglinga og taka öll þrjú námskeiðin í einum pakka:

Tölvusmiðja barna og unglinga - 11.-29. júní eða 7.-23. ágúst

Stafræn ljósmyndun fyrir 9-14 ára - 11.-15. júní eða 7.-10. ágúst

Myndbandagerð fyrir 9-14 ára - 18.-22. júní eða 13.-17. ágúst

Heimasíðugerð fyrir 9-14 ára - 25.-29. júní eða 20.-23. ágúst

Upplýsingar um dagskrá er að finna á vefsíðu okkar, www.tv.is.

Verð: Vikunámskeið: 17.900,- staðgreitt,

Tölvusmiðjan: 45.000,- staðgreitt + 10% vina- & systkinaafsláttur

MS Project verkefnastjórnun



Við kennum þér árangursríka beitingu Microsoft Project við stjórnun stórra og smárra verkefna, gerð góðra verk- og kostnaðaráætlana og eftirlit með framvindu verkefna hvað varðar auðlindir, tíma og kostnað. Þetta er námskeið fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á verkefnastjórnun og skila vel heppnuðum verkefnum, á réttum tíma og innan ramma kostnaðaráætlunar.

Kennari:

Halldór Kristjánsson, verkfræðingur, hefur meira en 21 ára reynslu af verkefnastjórnun fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagsamtök.

Lengd: 20 stundir/13+ klukkust. Verð: 39.900

Tímar: Tveggja daga námskeið, kl. 9:00-16:00, 4.- 5. júní 2007

Dreamweaver og Photoshop



Lærðu á tvö vinsælustu forritin fyrir vefsíðugerð og myndvinnslu á einu námskeiði. Faglega gerðar vefsíður og skemmtilega unnar myndir ráða úrslitum um góðan árangur.

Helstu kennslugreinar

- Meginatriði góðrar vefsíðugerðar og myndvinnslu
- Kraftmiklar, upplýsandi og fjölbreyttar vefsíður með DreamWeaver
- Framúrskarandi ljósmyndir og myndvinnsla fyrir vef með Photoshop

Eitt námskeið sem kennir þér allt það mikilvægasta eða sitt hvort námskeiðið ef þú vilt það frekar.

Talaðu við okkur um greiðslukjör - allt að 3 ára raðgreiðslusamningur.

Lengd: 49 stundir/33 klukkust. Verð: 49.900

Tímar: Tveggja vikna námskeið, kl. 13:00-16:00, hefst 11. júní 2007

Photoshop: 22 st./15 klst. kl. 13:00-16:00 hefst 18.6.07 Verð: 26.900

DreamWeaver: 27 st./18 klst. kl. 13:00-16:00 hefst 11.6.07 Verð: 29.900

Tölvunám TV til betri verka

- hringdu núna í síma 520 9000

- og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar

- eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!



TÖLVU- OG
VERKFRÆÐIPJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is

Vonsvik stjórnarandstöðunnar:

Traust Geirs

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Sjálftæðisflokkurinn og Vinstrihreyfingin - grænt framboð eru sigurvegarar kosninganna. Segja má að í því séu fólgin nokkuð þverstæðukennd skilaboð frá kjósendum. Kaldi veruleikinn er hins vegar sá að ríkisstjórnin hélt velli og stjórnarandstöðunni mistókst ætlunarverk sitt. Einsdæmi er í íslenski stjórnmalasögu að ríkisstjórn hafi fengið umboð til þess að halda inn í fjórða kjörtímabilið. Svo er það önnur saga hvort stjórnarflokkarnir kjósa að nýta sér þá stöðu. Hún er fyrst og fremst því að þakka að Geir Haarde hefur áunnnið sér verulegt traust sem forsætisráðherra. Það væri ranglega lesið í úrslit kosninganna að telja þau fela í sér aðra vísendingu kjósenda um stjórnarforystu.

Verulegt tap Framsóknarflokksins á rætur að rekja til umbreytinga í flokknum. Staða hans er einfaldlega önnur en áður var. Sumir flokksmenn hafa ekki horfst í augu við þá staðreynd. Fyrir vikið fengu kjósendur af óljósa mynd af því hvert flokkurinn var að fara. Nýjum formanni tókst eigi að síður að gera það besta sem vænta mátti úr stöðunni.

Þeir samfylkingarmenn sem sáu flokkinn fyrir sér sem jafnstöðuaf til vinstri við Sjálfstæðisflokkinn eru eðlilega vonsviknir. Úrslitin sýna að sá draumur var skýjaborg. Hinir hljóta að gera sér grein fyrir að flokkurinn hefur í raun tekið svipaða stöðu og Framsóknarflokkurinn hafði fyrrum. Í því ljósi er tap frá tímabundinni uppsveiflu tæplega neinn stóridómur.

Vinstrihreyfingunni - grænu framboði tókst að sveifla til sín fylgi án þess að færa sig nær miðju stjórnmalanna. Það er merkilegur og óvenjulegur árangur. Þessi staðreynd er hins vegar helsti vanda flokksins. Þar af leiðir að málamiðlanir verða bæði honum og hugsanlegum viðsemjendum dýrkeyptar.

Álitamálið um hvort hyggilegt er að halda núverandi stjórnarsamstarfi áfram snýst ekki um nauman meirihluta. Viðreisnarstjórnin sýndi að það er ekki vandi. Hitt er raunveruleg spurning hvort allir þingmenn og forystumenn Framsóknarflokksins hafa gert upp við sig hvert flokkurinn á að stefna. Ef áhöld eru enn þar um er best fyrir alla að horfast strax í augu við það. Eðlilegt er að formenn stjórnarflokka gefi sér tóm til að meta þá stöðu.

Hvað gerist ef stjórnarflokkarnir, annar eða báðir, kjósa að ljúka samstarfinu þrátt fyrir meirihlutann? Er hefðbundið vinstri stjórnarsnið þá á einhvern hátt rökrétt? Ef óvissa er innan Framsóknarflokksins um hvert halda skal er hún eins uppí á því borði. Í kosningabaráttunni gerði stjórnarandstaða Framsóknarflokksins að tákni alls þess sem hún sagðist vera á móti. Í því ljósi myndi slíkt samstarf því augljóslega fela í sér fyrsta málefnaforfið við kjósendur eftir kosningar.

Rökin fyrir Sjálfstæðisflokkinn til þess að fóna málefnaforfið fyrir samstarf við Vinstri grænt gætu helst verið þau að sýna Samfylkingunni að framhjá henni megi ganga. Sjónarmið af því tagi geta vissulega verið gild. Að því virtu að Samfylkingin tapaði í kosningunum og hefur auk þess ekki verið við völd hafa þau þó engan veginn sama þunga og rökin fyrir nýsköpunarstjórninni á sinni tíð.

Komi til nýrrar stjórnarmyndunar sýnist því vera nærtækast fyrir Sjálfstæðisflokk og Samfylkingu að semja.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ADSTOÐARRITSTJÓRI: Steinnur Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Styrktarsjóður Kristins Arnar Friðgeirssonar

Auglýst er eftir styrkþegum

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fólk með þroskahömlun til náms, lista og íþróttáþáttöku, foreldra fatlaðra til að afla sér aukinnar þekkingar vegna fötlunar barna sinna svo og annarra verkefna sem sjóðsstjórnin verður sammála um.

Umsóknafrestur er til 30. maí 2007 og skal skila umsóknum þar sem gerð er grein fyrir því verkefni sem sótt er um styrk til ásamt upplýsingum um aðrar mögulegar fjármögnunarleiðir til Landsamtakanna Þroskahjálpar, Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík.

Tölvupóstfang: fridrik@throskahjalp.is

Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins skal úthluta úr honum eigi síðar en 15. júní ár hvert.

Nánari upplýsingar veita:

Guðbjörg Erla Andrésdóttir sími 535-1900 guðbjorg@sjonarholl.net og Friðrik Sigurðsson, sími 588-9390, fridrik@throskahjalp.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fyrstir með fréttir

Það brá einhverjum í brún þegar þeir lásu forsiðu Fréttablaðsins í gærmorgun sem sagði að ríkisstjórnin væri fallin eftir skell Framsóknar. Þegar betur var að gáð miðaði fréttin við stöðuna sem var uppi rétt eftir miðnætti kvöldið áður. Kosninganóttin var hins vegar löng og ljóst að úrslit réðust ekki fyrr en undir morgun. Klukkan 2.30 var skípt um forsiðu og dregið úr fullyrðingum í fyrirsögn. Andrés Magnússon blaðamaður fjallar um þetta á heimasíðu sinni og rifjar upp þegar bandarískt dagblað var svo áfjád í að vera fyrst með fréttirnar að það sagði Dewey hafa sigrað Truman í forsetakosningunum 1948. Truman stóð hins vegar uppi sem sigurvegari.



Flókið kerfi

Það er ekki fyrir alla að skilja núverandi kosningakerfi. Það kerfi sem notað var við áður var þó ekkert skárri að sögn kunnugra. Nefnd var skipuð sem átti að endurskoða gamla kosningakerfið. Á fyrsta fundi kom í ljós að enginn þekkti kerfið nógu vel til að leggja fram breytingar til batnaðar – svo flókið var það. Þá var hringt í Þorkel Helgason orkumálastjóra sem var eini maðurinn sem talið var að þekkti kosningalöggjöfina. Kom upp úr kafinu að hann var ekki alveg klár á lögunum heldur. Var hann því sendur heim til að kynna sér málin. Á þeim tímapunkti var því ekki einn einstaklingur á landinu sem þekkti kosningalöggjöfina og hvernig hún virkaði.

Leikjafraeðin

Það var rifjað upp í gær að Halldór Ásgrímsson mætti á fund Davíðs Oddssonar á hádegi daginn eftir kjördag 2003 og sagði að Samfylkingin hefði boðið honum stól forsætisráðherra í nýrri ríkisstjórn. Nú gæti sama staða komið upp þótt ólíklegt sé að Framsókn sækist eftir forsætisráðuneytinu eftir skellinn í kosningunum. Einhver nefndi að yngri menn ættu að taka við Framsóknarflokknum ef Jón Sigurðsson fer frá. Af hverju ekki Valgerður Sverrisdóttir? Hún heldur sjó í sínu kjördæmi og hefur eflst mikið undanfarna mánuði í pólitíkinni. bjorgvin@frettabladid.is



Kaupstaðarferð

Steinn Steinarr sagði í miðnættursamtali við Matthías Johannesen vorið 1957: „Ég er uppallinn í sveit, eins og þú kannski veist, og þegar ég var lítill drengur, var ég stundum sendur í kaupstaðinn, eins og það var kallað. Í raun og veru finnst mér ég enn vera í einhverri slíkrí kaupstaðarferð, langri og yfirnátturlægri kaupstaðarferð, en ég hef gleymt því hver sendi mig, og einnig því, hvað ég átti að kaupa.“

Í Málsvörn og minningum bendir Matthías á, að í Brekkukotsannál (sem kom líka út 1957) leggur Halldór Laxness Garðari Hólmi í munn þessi orð: „Hún móðir mín sendi mig einu sinni út að kaupa pipar og ég er ekki kominn heim enn.“ Í netdagbók sinni bætir Þórarinn Eldjárn nú við, að í ljóðinu „Mannsbarn“ eftir sænska skáldið Nils Ferlin getur að líta svipaða hugmynd:

*Þú misstir á leiðinni miðann þinn,
þú mansbarn, sem einhver sendi.*

Á kaupmannsins tröppum með tárnota kinn

þú titrar með skilding í hendi.
Ljóð Ferlins kom út í íslenski þýðingu Magnúsar Ásgeirssonar 1944.

Annað dæmi um erlend áhrif á Stein er alþekkt. Bandaríska skáldið Carl Sandburg á talsvert í kvæðinu um grasið, sem grær að lokum yfir okkur. Visa Leifs Haraldssonar frá Háeyri af því tilefni varð fleyg:

*Um hiruðsemi er hneyksli næst að fjasa,
sú höfuðdygd af Guði er mönnum veitt,
hjá Carli Sandburg kennir margra grasa,
menn komast varla hjá að taka eitt.*



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON Í DAG |

Steinn yrti eftir þetta ekki á Leif. Hann setti líka saman kvíðlinginn um kvenmannsleysi í kuldatrekk til háðungar Leifi, sem stamaði.

Sjálfur hef ég bent á þriðja dæmið um erlend áhrif á Stein. Það er í ljóðinu „Hamingjan og ég“, þar sem skáldið kveðst fara á mis við hamingjuna, af því að hún talar sunnlensku og það vestfirsku. Þegar það lærir loks sunnlensku, hefur hún breytt framburði sínum. Í kvæðinu „Frokosten“ (Árbitur) yrkir Johannes V. Jensen:

*Lykken og jeg forstod ikke hinanden;
jeg talte altid en Dialekt, hvor jeg saa var.*

Þetta ljóð Jensens kom fyrst út á bók 1906.

Matthías Johannesen segir í bók sinni, að þeir Steinn Steinarr og Garðar Hólmi hafi átt erindi, því að þeir hafi verið sendisveinar íslenskrar menningar. Ég orða þetta öðru vísi. Garðar átti ekkert erindi, því að hann náði ekki hinum hreina tón og var um of háður fólkinu í Guðmúnsenbúð. Þess vegna kom ekki á óvart, að hann stytta sér aldur. Steinn gerði sér hins vegar upp tómhýggju. Þótt hann segði margt snjallt um tilgangssleysi lífsins,

hafði hann undir niðri sterka sannfæringu um tilgang þess, eins og allir, sem fjölýrða um tilgangssleysi. Stein grunaði erindið í kaupstaðinn: Grasið grær að vísu yfir okkur, en góð verk geymast í hjörtum eftirlifenda. Hamingjan talar ekkert eitt mál, heldur fer gengi manna á frjálsum markaði eftir því, hversu vel þeim tekst að fullnægja þörfum annarra.

Lífið er ferð í kaupstað, og við eigum þangað erindi. Bjartur Laxness og Halla Jóns Trausta fóru að vísu bæði í öfuga átt, upp á heiðar. Þau áttu að halda niðri í kaupstaðinn, og það gerði Halla að lokum ólíkt Bjarti, sem þrjóskaðist við. Saga mannfólksins síðustu aldir hefur verið um kaupstaðarferð, fjölgun tækifæra fyrir tilstillti kapitalismans. Menn hafa vissulega ekki alltaf kunnað málið, þegar þeir komu í kaupstaðinn, en þeir lærðu það langflestar, eins og reynsla Bandaríkjamanna síðustu tvö hundruð ár sýnir. Annað dæmi er Reykjavík. Alla tuttugustu öld streymdi hingað allslaut fólk, sem tókst að brjótast í bjargálnir.

Til voru þeir menn á síðustu öld, sem vildu koma í veg fyrir kaupstaðarferðina og reka alla inn í samyrkjubú eða ríkisverksmiðjur. Steinn var vissulega sósíalísti ungr. En undir lokin orti hann gegn fyrri trú: „Með hálfum sannleika berst ég gegn algerri lygi.“ Þessa hugmynd tók hann bersýnilega frá hinum kunna andkommúnista Arthur Koestler, sem skrifaði í The Yogi and the Commissar 1945: „We are fighting against a total lie in the name of a half truth.“ Þeir Steinn og Koestler vildu báðir leyfa okkur að komast leiðar okkar.

Knattspyrnusumar

UMRÆÐAN

Knattspyrna

Sumarið gengur í garð og knattspyrnu-lífið blómstrar. Þannig mætti með einni setningu tengja saman sumarið og knattspyrnuna, en þau bönd eru órjúfanleg á Íslandi. Knattspyrnuvellið munu iða af lífi frá morgni til kvelds þegar þúsundir iðkenda reyna með sér í skemmtilegum leik. Í sumar skipuleggur KSÍ yfir 5.000 leiki um land allt í öllum aldursflokkum. Kastljós fjölmiðla beinist fyrst og fremst að Landsbankadeildum og VISA bikarnum en ekki má gleyma öllum þeim fjölda sem keppir á lægri stigum af krafti og innlifun.

Knattspyrnustarfið á Íslandi er borið uppi af knattspyrnufélögum sem finnast alls staðar á Íslandi í stórum sem litlum sveitarfélögum. KSÍ er samnefnari þessara félaga og ber sem slíkt ábyrgð á framgangi knattspyrnuleiksins. Sú skylda hvílir á KSÍ að vel sé staðið að öllu knattspyrnustarfi á landinu og allir séu velkomnir til þátttöku. Þetta er stórt verkefni en í takt við þá staðreynd að KSÍ þarf að mæta sífellt auknum kröfur samfélagsins. KSÍ hefur vaxið mikið á sl. árum. Það hefur verið nauðsynlegt til þess að sambandið geti sinnt skyldum sínum. Sumarið í ár má kalla sumar hinna miklu tækifæra



GEIR ÞORSTEINSSON

í Íslandsmóti meistaraflokks, en fleiri félög flytjast upp um deildir í lok keppnistímabilsins en nokkru sinni áður vegna fjölgunar liða í deildum (og færri falla en áður). Árið 2008 verða tólf lið í þremur efstu deildum karla og tíu lið í Landsbankadeild kvenna. Þessi breyting hefur hleypst auknum krafti í starfsemi félaganna. Í sumar eru fleiri sæti í boði en áður sem tryggja flutning í efri deild að ári og það einstaka tækifæri á að nýta. Það hefur verið gaman að finna fyrir þessum aukna krafti í vor og þeirri miklu bjartsýni sem býr í aðildarfélögum KSÍ. Þetta sýnir betur en nokkuð annað þann styrk sem býr í íslenski knattspyrnuhreyfingu.

Knattspyrnuhreyfingin nýtur mikils stuðnings í íslensku samfélagi. Nýlega barst yfirlýsing frá stjórnvöldum um ferðasjóð félaga sem styrkja mun ferðalög íþróttafélaga. Þakka ber fyrir þennan stuðning sem og allan þann mikla stuðning sem sveitarfélög veita knattspyrnufélögum. Þá er ónefndur þáttur íslensks atvinnulífs sem leggur ári fram ríkulagan stuðning til eflingar og reksturs knattspyrnufélaganna. Seint verður fullþakkað fyrir þennan mikilvæga stuðning við knattspyrnuþróttina.

Gleðilegt knattspyrnusumar.

Höfundur er formaður Knattspyrnusambands Íslands.



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

KENNARAFRÆÐI 2007 – 2008

Grunnskólakennarafræði (B.Ed.)

Sérsvið innan brautar eru:

- Nám og kennsla yngri barna
- Íslenska – mál og menning
- Náttúruvísindi og stærðfræði
- Listir

Leikskólakennarafræði (B.Ed.)

Sérsvið innan brautar eru:

- Einstaklingssniðið nám
- Hugvísindi
- Náttúruvísindi
- Listir

Í boði er bæði staðarnám og fjarnám

Námskrár, kynningarefni og umsóknareyðublöð eru á www.unak.is

Spennandi valkostur

- Persónulegt umhverfi – góð tengsl milli nemenda og kennara.
- Sveigjanleiki – nemendur geta valið um að stunda staðarnám eða fjarnám.
- Sérstök rækt er lögð við verklega þjálfun kennaraefna með löngu samfelldu vettvangsnámi.
- Gagnrýnin hugsun og skapandi skólastarf.



„Námið á leikskólakennarabraut HA hefur reynt okkur mjög vel. Það er gefandi, fjölbreytt, krefjandi, góður grunnur fyrir framhaldsnám, góður vettvangur til að kynna fólk, hagnýtt, góð blanda af bóknámi og listgreinum og svona mætti lengi telja. Þessi ár hafa verið spennandi og skemmtileg og eigum við eftir að kveðja skólann með söknuði.“

Ólöf Huld Ómarsdóttir og Vala Magnúsdóttir
nemendur á 3. ári

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 5. JÚNÍ 2007

Skólabærinn Akureyri

- Frítt í strætó og engir stöðumælar
- Listasafnið og leikhúsið
- Hlíðarfjall og Akureyrarlaug
- Skautahöllin og Kjarnaskógur
- Flottar líkamsræktarstöðvar
- Veitingahús, kaffihús og skemmtistaðir
- Engir biðlistar eftir leikskólaplássum

SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRÐARDÓTTIR
ER 61 ÁRA Í DAG

„Mamma er 83 ára og hún er enn að í stjórnmalum á Siglufirði. Hún er mín besta fyrirmynd.“

Sigríður Anna fæddist þennan dag árið 1946.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 14. MAÍ 1981

Winnie Mandela dæmd í fangelsi

Á þessum degi fyrir 26 árum var Winnie Mandela, þáverandi eiginkona baráttumannsins Nelsons Mandela, úrskurðuð í sex ára fangelsi fyrir aðild að barnsráni.

Winnie, sem var þekkt undir heitinu Móðir Afríku, hafði stofnað klúbb sem hún kallaði Fótballið Mandela á meðan eiginmaðurinn sat í fangelsi. Í þessum vafasama félagsskap voru lífverðir hennar og fljótt fóru sögur á kreik um grunsamlega starfsemi fótballklúbbsins og barnsrán.

Stompie Moeketsi var fjórtán ára og einn af fjórum fórnarlömbum Mandela og fótballklúbbsins. Hann lést af sárum sínum en lífvörður Mandela, Jerry Richardson, var dæmdur til dauða fyrir morðið á honum. Winnie var fundin sek fyrir aðild að málinu en lögfræðingar hennar



WINNIE MANDELA Fyrirverandi eiginkona Nelson Mandela var dæmd í fangelsi á þessum degi fyrir 26 árum.

áfrýjuðu og að lokum var hún látin laus gegn tryggingu. Dómarinn, Mr. Justice Stegmann, kallaði Winnie óforbetranlegan lygara og sagði að það væri ómögulegt að ímynda sér að barnsráning hefðu átt sér stað án þátttöku hennar í þeim. Þjónustukona og ökumaður Winnie voru einnig fundin sek í málinu.

Nelson Mandela var 73 ára gamall þegar þetta átti sér stað en stuttu eftir að þau giftu sig var hann sendur í fangelsi þar sem hann eyddi 27 árum. Hann hélt fram sakleysi eigin konunnar og stóð við hlið hennar í réttarhöldunum sem voru haldin rétt eftir að hann slapp út úr fangelsi. Fljótlega eftir að Mandela fékk frelsi kom upp orðrómur um að Winnie héldi við einn lífvarða sinna og hjónin skildu árið 1996.

MERKISATBURÐIR

- 1922 Fimm skip farast og með þeim 44 sjómenn í aftakaveðri við Vestur- og Norðurland.
- 1948 Ísraelsríki verður formlega til.
- 1955 Varsjársmningurinn er undirritaður.
- 1973 Fyrsta bandaríska geimstöðin Skylab er send á sporbaug.
- 1998 Jóhanna Sigurðardóttir talar samfelt í fimm og hálf klukkustund á Alþingi.
- 2000 Rúta með fjórutu eldri borgurum veltur í Hvalfirði.

Blásið til veislu á Bessastöðum

Foseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, verður 64 ára í dag en honum gefst væntanlega ekki mikill tími til að taka á móti gjöfum í tilefni dagsins enda alþingiskosningarnar nýafstaðnar. Reyndar er tvöfalt afmæli á Bessastöðum því í dag eru jafnframt liðin fjögur ár síðan Ólafur kvæntist unnustu sinni, Dorrit Moussaieff.

Ólafur Ragnar fæddist á Ísafirði 14. maí 1943 og eru foreldrar hans Grímur Kristgeirsson og Svanhildur Ólafsdóttir Hjartar. Hann útskrifaðist frá Menntaskólanum í Reykjavík 1962 og lauk BA-prófi í hagfræði og stjórnmálafræði frá University of Manchester þremur árum síðar. Ólafur hóf snemma afskipti af stjórnmálum og sat meðal annars í stjórn Sambands ungra framsóknarmanna 1966 til 1973. Á þeim



„Mér lýst vel á sumarið, við erum í toppformi og Guðjón er að gera frábæra hluti. Við erum mjög sáttir hvernig hann er að koma að liðinu. Þetta verður mjög spennandi og skemmtilegt sumar,“ segir Árni Thor og hann kvartar ekkert undan ísbaðinu margfræga. „Manni fannst þetta kannski klíkkun fyrst en þetta er bara hluti af



dagskránni hjá okkur og þetta skilar sér. Ég finn klárlega mun á mér. Eftir erfiðar æfingar þá finnur maður strax hvað maður er fljótari að jafna sig. Þetta er líka þekkt út um allt í þessum atvinnumannaboltanum,“ segir Árni Thor sem verður í banni á móti HK í næsta leik. Hann ætlar hins vegar að vera klár gegn Fram í 3. umferð. „Ég ríf mig bara upp úr þessu og mæti tvífeidur til leiks. Nú er bara málið fyrir mig að koma sterkur til baka og sýna hvað í mér býr. Nú fyrst sýnir maður úr hverju maður er gerður og hvort að maður sé maður eða mús. Það gengur ekki að láta eitthvað svona hafa áhrif á sig,“ segir Árni Thor.

Breiðablik 0-1 **Fylkir**

Kópavogsvöllur, áhorf.: xxx Magnús Þórisson (8)

0-1 Christian Christiansen (55.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	10-9 (7-4)
Varin skot	Hjörvar 3 - Fjalar 7
Horn	9-4
Aukaspjrnur fengnar	28-5
Rangstöður	3-4

BREIÐABLIK 4-4-2	FYLKIR 4-4-2
Hjörvar Hafliðason 6	Fjalar Þorgeirsson 6
Arnór Aðalsteinn 6	Guðni R. Helgason 5
(77. Magnús Páll -)	Kristján Valdimarsson 6
Guðmann Þórisson 6	*David Hannah 7
Srdjan Gasic 5	Viðir Leifsson 5
Kristinn Jónsson 6	Andrés M. Jóhannes 3
Kristján Óli Sig. 5	(61. Hermann Aðalg. 4)
(85. Ellert Hreinn -)	Valur Fannar Gíslason 3
Arnar Grétarsson 6	Mads Beierholm 4
Nenad Petrovic 5	(88. Páll Einarsson -)
Olgeir Sigurgeirsson 4	Peter Gravesen 3
(66. Gunnar Örn 6)	Haukur Ingi Guðna 4
Nenad Zivanovic 4	(71. Halldór Hillmiss. -)
Prince Rajcomar 2	Christian Christians. 6

*Maður leiksins

Rúnar Kristinsson á leið í KR: Lokeren öruggt

FÓTBOLTI Lokeren, lið Rúnars Kristinssonar, tryggði sér áframhaldandi veru í belgísku úrvalsdeildinni í knattspyrnu með því að ná 1-1 jafntefli við Zulte-Waregem á útivelli um helgina.

Rúnar var í leikbanni í leiknum en leikur kveðjuleik sinn á heimavelli um næstu helgi þegar Lokeren tekur á móti botnliði Lierse SK.

Rúnar gaf það út á dögunum að ef Lokeren slippi við umspilið þá myndi hann kom heim strax eftir lokaleikinn og byrja að æfa og spila með KR í Landsbankadeildinni. - 66j

Fylkir stal öllum stigunum

Fylkir fór með þrjú stig úr Kópavoginum eftir 0-1 sigur á Blikum í gær. Blikar voru mun betri en Fylkir gerði það eina sem Blikum tókst ekki – að skora.

FÓTBOLTI Árbæingar voru brosmildir á Kópavogsvelli í gærkvöld. Það ekki að ástæðulausu þar sem þeir náldu í þrjú mikilvæg stig gegn Blikum þrátt fyrir að geta lítið í leiknum og skapa sér sama og ekki neitt. Blikar voru manni færri lungann úr leiknum en voru samt betri en Fylkismenn sem vörðust vel.

Fyrri hálfleikur var tilþrífalíttill en þó var hart tekist á og ekki gefin tommu eftir. Blikar byrjuðu leikinn mikið mun betur og náðu yfirráðum á miðjunni þar sem miðjupar Fylkis Valur Fannar og Mads – voru arfaslakir.

Vörn Fylkis var ekki mikið betri en mikill vandræðagangur var á varnarlínu Fylkis og til að bæta gráu ofan á svart var Fjalar í tómu tjóni fyrir aftan og hélt varla einum bolti. Það átti eftir að lagast mikið.

Blikum tókst ekki að nýta sér yfirburði sína og gátu sjálfum sér um kennt að leiða ekki í hálfleik. Blikar voru meira að segja betri eftir að þeir misstu Prince af velli fyrir atvik sem gerðist fjarri bolta og undirritaður sá ekki. Hann er talinn hafa gefið olnbogaskot.

Blikar voru áfram betri í upphafi síðari hálfleiks. Þeir sóttu hart að marki Fylkis á 55.mínútu, voru nærri því að skora en þá brunuðu Fylkismenn upp í hraða-upphlaup. Christiansen hristi af sér varnarmann, hljóp framhjá Hjörvari markverði og skoraði í tómt markið. 0-1 fyrir Fylki.

Blikar héldu áfram að stýra umferðinni eftir markið en gekk bölvánlegaa að skapa sér opin marktækifæri. Það var ekki fyrr



SÓTT AÐ MARKI FYLKIS Fjalar Þorgeirsson, markvörður Fylkis sést hér í kröppum dansi en fremstur á myndinni er Blikinn Prince Rajcomar sem fékk rauða spjaldið á 35. mínútu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

en Gunnar Örn Jónsson kom af bekknum um miðjan hálfleik sem eitthvað þúður kom í sóknirnar.

Fylkismenn fögnuðu að vonum vel í lokin en þeir verða að bæta leik sinn mikið ætli þeir sér að gera einhverja hluti. Þeir fá tæplega fleiri gefins stig. Blikar geta borið höfuðið hátt, voru fínir í vörn, þéttir á miðju en vantaði kraft á seinasta þriðjungi vallarins og ekki nema von þar sem þeir voru manni færri.

„Ég er drullusvekkur með úrslitin en ánægður með spilamennskuna. Við vorum manni færri lengi í leiknum og það sást ekki. Þetta var meira en meðalgöður leikur hjá okkur,“ sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks. „Við sköpuðum ekkert minna en

Fylkir og áttum að klára okkar færri betur. Það var meira að gera hjá Fjalari en Hjörvari. Við áttum meira skilið í þessum leik en svona er þetta stundum.“

Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis, var himinlifandi. „Við komum hér í fyrri, yfirspiluðum Breiðablik en fengum núll stig. Þess vegna er ég himinlifandi með úrslitin hér í dag. Þetta var svona „play ugly and win“,“ sagði Leifur léttur.

„Mér fannst við ekki rétt stemmdir í byrjun og menn eitthvað stressaðir. Við vorum í vandræðum með að spila boltanum í þessum leik og þetta gekk erfiðar en við ætluðum okkur. Við tókum samt stigin fegins hendi.“

henry@frettabladid.is

Víkingur 0-0 **HK**

Víkinguvöllur, áhorf.: 1630 Garðar Örn Hinrikss.(6)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	10-10 (5-6)
Varin skot	Bjarni 5 - Gunnleifur 5
Horn	5-5
Aukaspjrnur fengnar	20-16
Rangstöður	4-1

VÍKINGUR 4-5-1	HK 4-5-1
Bjarni P. Halldórsson 7	Gunnleifur Gunnleifs 7
Jón Guðbrandsson 4	Stefán Eggertsson 7
Grétar Sigurðarson 6	*Ásgrímur Alberts 7
Valur Úlfarsson 6	Hólmur Örn Eydíffs 7
Hermann Albertsson 4	David Magnússon 7
(72. Þorvaldur Sv. -)	Finnur Ólafsson 4
Stefán Sveinbjörnss. 6	(76. Almir Cogic -)
Jón B. Hermannsson 4	Rúnar P. Sigmunds. 6
Haukur Úlfarsson 4	Jón P. Stefánsson 4
(83. Arnar Jónsson -)	Þórður Birgisson 5
Sinisa Kekic 5	Kristján Ari Halldórs. 5
Gunnar Kristjánsson 5	(63. Calum Bett 5)
(76. Björn Viðar -)	Óliver Jäger 6
Egill Atlason 4	(90. Ólafur Júlíuss. -)

*Maður leiksins

Formúla eitt á Spáni í gær:

Massa vann en Lewis er efstur

FORMÚLAN Nýliðinn Lewis Hamilton er kominn með tveggja stiga forustu í keppni öikumanna í Formúlu eitt eftir spænska kappaksturinn í gær. Felipe Massa hjá Ferrari vann öruggan sigur í Katalóníukappakstrinum en Lewis Hamilton náði öðru sætinu á undan félagan sínum hjá McLaren, heimsmeistararum Fernando Alonso. Hamilton er nú með tveggja stiga forustu á Alonso en Massa er síðan þriðji aðeins stigi á eftir. Massa hefur nú unnið tvær keppnir í röð. - 66j

Afskaplega bragðdauft markalaust jafntefli hjá Víkingi og nýliðunum úr HK í gær:

Engin skrautsýning í Víkingi

FÓTBOLTI Nýliðar HK fengu sitt fyrsta stig í efstu deild Íslands-mótsins í knattspyrnu í gær eftir litlaust jafntefli við Víkinga á útivelli. Gestirnir voru sprækari í fyrri hálfleik en Víkingar voru líklegri til að ná sigurmarkinu undir lok síðari hálfleiks.

Leikurinn byrjaði þokkalega og voru það gestirnir sem voru sprækari. Þeir fengu tvö ágæt færri snemma leiks en Bjarni Þórður Halldórsson var vel á verði. Besta færið í fyrri hálfleik kom þó á 21. mínútu er Óliver Jäger átti skalla í slá eftir frábæra fyrirgjöf Kristjáns Ara Halldórssonar.

Leikaðferð HK gekk út á að verjast aftarlega á vellinum en beita svo skyndisöknum. Svo sem skynsamleg aðferð á útivelli sem gekk ágætlega upp. HK-ingar voru fljótir að refsa fyrir mistök í sóknarleik Víkinga sem máttu þakka fyrir að hafa haldið hreinu í fyrri hálfleik.

Frammistaða liðanna í síðari hálfleik voru gríðarleg vonbrigði. Það var ekki fyrr en undir lok



Í STRANGRI GÆSLU Ásgrímur Albertsson úr HK var besti maður vallarsins í gær. Hér er hann með Víkinginn Egil Atlason í fanginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

leiksins að varamaðurinn Björn Viðar Ásbjörnsson fékk gullið tækifæri til að skora sigurmarkið. Hann fékk boltann á fjærstönginni, einn og óvaldaður, en hitti

boltann illa og Gunnleifur greip inn í. Björn Viðar náði öðru skoti að marki skömmu síðar en boltinn fór framhjá.

Ólafur Júlíusson, varamaður HK, hafði besta færi sinna manna undir lokin er hann átti skalla að marki eftir hornspyrnu.

Ásgrímur Albertsson, varnarmaður HK, átti engar skýringar á því af hverju hans menn voru svo daufir í síðari hálfleik.

„Nei, leikurinn þróaðist bara þannig. Ég var ánægður með okkar leik, skipulagið á okkar leik var gott og við vörðumst vel. Við gáfum kannski eftir undir lokin en í heildina fannst mér við hættulegri.“

Hann var þó ánægður með stigið í frumraun HK. „Við hefðum viljað vinna en sættum okkur við þetta.“

Af frammistöðu liðanna að dæma er ljóst að þau munu eiga í vandræðum í sumar. Liðin skorti allt frumkvæði og leikmönnum tókst afar sjaldan að gera sér mat úr sóknunum sínum. - esá

VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA

Landsbankinn

LANDSBANKAÐEILDIN

LANGAR ÞIG TIL TOKYO

Á HEIMSFERUMSÝNINGU

PIRATES *of the* CARIBBEAN

AT WORLD'S END

Skráðu þig á heimasíðu BYRS, byr.is og þú gætir verið á leiðinni ásamt þínum besta vin í lúxusferð til þessarar mögnuðu borgar.

Flug, gisting, matur, skemmtiferðir og miðar á myndina. Það eina sem þú þarft að gera er að skrá þig á byr.is. Dregið föstudaginn 18.mai í morgunþættinum Súper á FM957, og fara vinningshafar út daginn eftir, 19 mai og koma til baka fimmtudagskvöldið 24.mai.



Fjöldi glæsilegra aukavinninga.

2.sæti glæsilegur GSM SONYERICSSON K550I,
3 sæti. Glæsleg digital myndavél SONY CYBERSHOT W50,
ásamt miðum á myndina, Pirates 1 og 2 á DVD, og fjölda annara vinninga.




BT

FM957



BYR

SPARISJÓÐUR



1-1

Valur **Fram**

Laugardalsvöllur, áhorf.: 850 Kristinn Jakobsson (7)

1-0 Helgi Sigurðsson (15.)
1-1 Óðinn Árnason (89.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	19-8 (6-3)
Varin skot	Kjartan 2 - Hannes 5
Horn	12-5
Aukaspjrnur fengnar	15-20
Rangstöður	5-1

VALUR 4-4-2	FRAM 4-3-3
Kjartan Sturluson 6	Hannes Halldórs 7
Birkir Már Sævars 6	Óðinn Árnason 6
Atli Þórarinnsson 6	Eggert Stefánsson 6
Barry Smith 5	Reynir Leósson 6
Rene Carlsen 6	Daði Guðmundsson 4
Baldur Bett 4	Ingvar Þór Ólason 4
Pálmi Rafn Pálma 4	(69. Hans Mathiesen 6)
(70. Halþór Ægir -)	Igor Pestic 5
Baldur Aðalsteins 7	Jónas Grani Garðars 4
Sigurbjörn Hreiðars 6	Theódór Óskarsson 3
Helgi Sigurðsson 7	(52. Hjálmar Þórarinnsson 6)
Guðmundur Ben. 4	Ivar Björnsson 4
(70. Dennis Bo -)	Alexander Steen 6

*Maður leiksins



HETJA FRAM Óðinn Árnason hafði spilað 15 leiki fyrir Þór og 69 leiki fyrir Grindavík án þess að ná að skora. Hann skoraði hins vegar í fyrsta leik með Fram.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

ÚRSLTIN Í GÆR

1. deild karla

FIJRDABYGGÐ-ÞRÓTTUR R.	2-0
KA-VÍKINGUR Ó.	1-0
1-0 Sveinn Elías Jónsson (5.)	
ÍBV-ÞÓR	1-1
0-1 Sjálfsmark (36.), 1-1 Bjarni Hólm Aðalsteins-son, víti (84.).	

2. deild karla

AFTURELDING-VÖLSUNGUR	1-0
1-0 Atli Heimisson.	
MAGNI-ÍR	0-0
SINDRI-SELFOSS	2-1

Framarar stálu stigi í lokin

Fyrsta mark Óðins Árnasonar í efstu deild í hans fyrsta leik með Fram tryggði Safamýrarliðinu 1-1 jafntefli gegn Val á Laugardalsvöllinum í gær og sá til þess að Helgi Sigurðsson tryggði ekki Val sigur gegn sínum gömlu félagum.

FÓTBOLTI Fyrsta mark Óðins Árnasonar í hans 85. leik í efstu deild tryggði Fram eitt stig á móti Val í fyrsta leik liðanna í Landsbankadeild karla í gær.

Óðinn, sem spilar stöðu hægri bakvarðar, brá sér fram í aukaspjrnunni mínu fyrir leikslok og var réttur maður á réttum stað. Valsmenn, sem voru með frumkvæðið í leiknum, tókst ekki að bæta við sínu öðru marki eftir að Helgi Sigurðsson kom þeim í 1-0 á 15. mínútu og þurftu því að horfa á eftir stigunum í lokin.

„Ég náði ekki einu sinni að skora fyrir Þór í 1. deildinni. Ég skoraði eitt í 2. deildinni en það var orðið mjög langt síðan. Það er gott start hjá manni í Fram,“ sagði hetja Framara, Óðinn Árnason, eftir leikinn.

„Það var byrjendabragur á þessu hjá báðum liðum og það var ekki mikið verið að spila boltanum með jörðinni og þetta snerist meira um kýlingar og hlaup. Það voru allir liggjandi í velliinum með krampa í seinni hálfleiks. Ég var meira að segja búinn að kalla á Óla og segja að ég væri kominn með krampa líka en harkaði af mér sem betur fer,“ bætti Óðinn við en hann var ánægður með uppskeruna.

„Það er mikilvægt að við náum að sýna andlegan styrk í fyrsta leik. Við erum undir megnið af leiknum á móti liði sem allir kalla meistarakandidata en við sýnum að við erum með öflugt lið og þó að við hittum ekki á okkar besta leik þá gefumst við ekki upp á móti neinum. Það mega allir búast við hörkuleik þegar þeir spila á móti okkur,“ sagði Óðinn að lokum.

Það stefndi lengi vel í að örlogin sæju til þess að Helgi Sigurðsson skoraði sigurmarkið á móti sínum gömlu félagum. Markið skoraði Helgi á laglegan hátt eftir að hafa fengið góða sendingu frá Pálma Rafni Pálmasyri. Helgi fékk reyndar sams konar færri í seinni hálfleik en þá náði Hannes Þór Halldórsson, markvörður Fram að bjarga á laglegan hátt. Helgi var besti maður Vals ásamt Baldri Aðalsteinssyni en þeir áttu saman 10 af 19 markskotum Valsliðsins.



BARNINGUR Helgi Sigurðsson, markaskorari Valsmanna, hefur hér betur í baráttu við Framarana Reyni Leósson og Óðinn Árnason (til hægri) sem skoraði jöfnunarmarkið í blálokinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Hjálmar Þórarinnsson lífgaði mikið upp á sóknarleik Framara þegar hann kom inn á og fiskaði einmitt aukaspjrnuna sem jöfnunarmarkið kom upp úr.

„Það er alltaf ómurllegt að sjá á eftir sigri í lokin en það er hætt við þessu þegar forustan er ekki meira en eitt mark. Það er langt síðan að maður hefur skorað og það ætlar að ganga hægt hjá mér að brjóta ísinn,“ sagði Valsmaðurinn Baldur Aðalsteinsson sem átti þrumuskot í slána fimm mínúturnar fyrir leikslok en mark þar hefði væntanlega gulltryggt sigur Vals.

„Við vorum samt ekki komnir með neitt á meðan leikurinn er enn í gangi. Eitt stig er eitt stig og við þiggjum það. Það er gott að vera komnir með stig á töfluna því það er oft erfiðast að ná í fyrstu stiginn,“ bætti Baldur við. Hann gerði sér grein fyrir því að leikurinn var ekki áhorfendavænn.

„Þetta var barningsleikur og örugglega ekki mikið fyrir augað. Við erum með hörku fótbolta-lið en náðum ekki að sýna okkar bestu hliðar í dag. Það kemur bara í næsta leik,“ sagði Baldur að lokum.

ooj@frettabladid.is

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin

BLACKBURN-READING	3-3
1-0 Benni McCarthy (21.), 1-1 Seol Ki-Hyeon (36.), 2-1 David Bentley (56.), 2-2 Kevin Doyle (58.), 3-2 Matt Derbyshire (67.), 3-3 Brynjar Björn Gunnarsson (77.)	
BOLTON-ASTON VILLA	2-2
1-0 Gary Speed (32.), 1-1 Craig Gardner (37.), 2-1 Kevin Davies (58.), 2-2 Luke Moore (81.)	
CHELSEA EVERTON	1-1
0-1 James Vaughan (50.), 1-1 Didier Drogba (57.)	
LIVERPOOL CHARLTON	2-2
0-1 Matt Holland (2.), 1-1 Xabi Alonso (62.), 1-2 Darren Bent (71.), 2-2 Harry Kewell (90.)	
MAN. UTD-WEST HAM	0-1
0-1 Carlos Tévez (47.)	
MIDDLESBROUGH-FULHAM	3-1
1-0 Mark Viduka (34.), 1-1 Simon Davies (42.), 2-1 David Wheeler (45.), 3-1 Mark Viduka (47.)	
PORTSMOUTH-ARSENAL	0-0
SHEFF. UTD-WIGAN	1-2
0-1 Paul Scharner (14.), 1-1 Jonathan Stead (38.), 1-2 David Unsworth (45.)	
TOTTENHAM-MAN. CITY	2-1
1-0 Robbie Keane (10.), 2-0 Dimitar Berbatov (32.), 2-1 Emile Mpenza (40.)	
WATFORD-NEWCASTLE	1-1
0-1 Kieron Dyer (29.), 1-1 Marlon King (52.)	

LOKASTADAN Í DEILDINN:

MAN. UTD	38	28	5	5	83-27	89
CHELSEA	38	24	11	3	64-24	83
LIVERPOOL	38	20	8	10	57-27	68
ARSENAL	38	19	11	8	63-35	68
TOTTENHAM	38	17	9	12	57-54	60
EVERTON	38	15	13	10	52-36	58
BOLTON	38	16	8	14	47-52	56
READING	38	16	7	15	52-47	55
PORTSMOUTH	38	14	12	12	45-42	54
BLACKBURN	38	15	7	16	52-54	52
ASTON VILLA	38	11	17	10	43-41	50
MIDDLESBR.	38	12	10	16	44-49	46
NEWCASTLE	38	11	10	17	38-47	43
MAN.R CITY	38	11	9	18	29-44	42
WEST HAM	38	12	5	21	35-59	41
FULHAM	38	8	15	15	38-60	39
WIGAN	38	10	8	20	37-59	38
SHEFF. UTD	38	10	8	20	32-55	38
CHARLTON	38	8	10	20	34-60	34
WATFORD	38	5	13	20	29-59	28

MARKAHÆSTIR:

DIDIER DROGBA, CHELSEA	20
BENNI MCCARTHY, BLACKBURN	18
CRISTIANO RONALDO, MAN. UNITED	17
MARK VIDUKA, MIDDLESBROUGH	14
WAYNE ROONEY, MAN. UNITED	14
DARREN BENT, CHARLTON	13
KEVIN DOYLE, READING	13
DIMITAR BERBATOV, TOTTENHAM	12
DIRK KUYT, LIVERPOOL	12
YAKUBU AIYEGBENI, MIDDLESBROUGH	12

FLEST GUL SPIJLD:

NIGEL REO-COKERWEST HAM	13
IVÁN CAMPO, BOLTON	12
HEIÐAR HELGUSON, FULHAM	12
LUCAS NEILL, BLACKBURN/WEST HAM	11
KEVIN NOLAN, BOLTON	11

Sheffield United féll í lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar í gær:

Carlos Tevez fullkomnaði draumaendaspjett West Ham

FÓTBOLTI West Ham kórónaði fráberan endaspjett sinn í ensku úrvalsdeildinni með því að vinna 1-0 sigur á Englandsmeystum Manchester United á Old Trafford.

Það var að sjálfsgöðu Argentínamaðurinn Carlos Tevez sem skoraði sigurmarkið og fyrir vikið fékk Sheffield United á óhagstæðari markatölu en Wigan. Tevez skoraði 7 mörk fyrir Lundúnaliðið og öll komu þau í tíu síðustu leikjum.

„Það er frábært að koma og vinna Manchester United á Old Trafford, sama hverjar kringumstæðurnar eru. Ég vona að hvorki ég né West Ham fari í gegnum svona tímabil aftur,“ sagði Alan Curbishley, stjóri West Ham eftir sigurinn.

West Ham vann fjóra síðustu leiki sína og fékk alls 21 stig af 27 stigum mögulegum út úr níu síðustu leikjum sínum. Manchester United lét tapið ekki spilla fyrir sigurhátíðinni og þeir Gary Neville og Ryan Giggs lyftu Englandsbikurnum í sameiningu.

Wigan sem var í fallsætinu fyrir umferðina bjargaði sér með því að vinna Sheffield 1-2 á útivelli og senda þar með heimamenn niður í 1. deild. „Þetta var mikið afrek en ég get ekki annað en vorkennt



BIKARINN Á LOFT Gary Neville og Ryan Giggs tóku báðir við Englandsbikurnum.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Sheffield United. Það er ekki gaman að fagna fyrir framan lið sem er fallið úr deildinni,“ sagði Paul Jewell, stjóri Wigan eftir leikinn.

Það komu bara þrjú stig í hús hjá efstu fjórum liðunum því Chelsea (1-1 á móti Everton), Liverpool (2-2 á móti Charlton) og Arsenal (0-0 á móti Portsmouth) náðu öll bara einu stigi út úr sínum leikjum. Vítaspyrna Harry Kewell á lokamínúttunni reddaði stiginu fyrir Liverpool sem þar með hélt 3. sætinu sem annars hefði farið til Arsenal.



FRÁBÆR Carlos Tevez átti mikinn þátt í björgunarfreyki West Ham.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Nýjung í ræstingum

– þú nærð hærra með UniFlex afþurrkunarsetti

Nú á tilboði!



1.398,-

UniFlex afþurrkunarsett og tvær aukamoppur.

Rekstrarvörur
- vinna með þér


Réttarhúsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Henrietta Holz Jensen
sólumaður í útbúi RV í Danmörku



Af hverju að borga of háa vexti?

Hefur þú hugleitt hversu mikið þú sparar með því að vera með yfirdráttinn hjá S24?
Borgaðu lægri vexti og gerðu eitthvað skemmtilegt fyrir mismuninn!



DORIS ROBERTS

Doris er sannarlega ekki lögst í helgan stein þótt hún sé orðin 76 ára. Fyrir skemmstu gaf hún út matreiðslubókina *Are You Hungry, Dear? Life, Laughs, and Lasagna* en hún er einstaklega góður kokkur. Einnig lék hún í fjórum bíómyndum á síðasta ári til ársins 2005 lék hún í þættinum *Everybody Loves Raymond* sem sýndur eru á SkjáEinum kl. 19.00.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON HERÐIR BÖRN MEÐ HÓTUNUM OG KÖLDU VATNI

Tilboð dagsins, af leiðarvísi andskotans

Allt sem drepur mann ekki, herðir mann. Þetta vita allir. Þannig á að ala upp börn, að mínu mati. Dæmi: Það gagnast litlu barni afar vel að henda því nöktu í kalda sundlaug og skipa því að synda. Ef árangurinn er góður, þá hrósar þú barninu og gefur því heitt súkkulaði með rjóma, og sírópsbaðaðar vöffur. Nostrar við nebbakút og púðrar bossa. Barnið verður afreksmenneskja.

Ef árangurinn er undir væntingum, þá hendir þú barninu aftur í laugina og skipar því að synda. Ef árangurinn er enn undir væntingum, ja, þá er meira af vöfflum og heitu súkkulaði fyrir þá sem eiga það skilið. Þú flengir barnið í vanþóknun og öfundar nágrannann.

Einmitt! Ef þú ert móðir, þá ertu að leita að heimilisfanginu mínu, með morðglampa í augum. Feður krefja mig um endurgreiðslu, þar sem uppeldisnámskeiðið mitt í Sundhöll Reykjavíkur hefur ekki skilað börnunum þeirra neinum árangri. Nei, ekki hengja blaða-

mann fyrir böðul, segi ég. Þetta er það sem börnin okkar eru að taka inn á hverjum degi af matseðli dagsins. Sjónvarpsdag-skránni. Leiðarvísi andskotans.

Fyrir svona þrjátíu árum lá ég kaldur af hræðslu undir húsbóndastólnum hans pabba. Búinn að pissa á mig af ein-skærri hræðslu. Ástæðan var sú að ég horfði í leyfisleysi á svarthvíta kvikmynd um hringjarann frá Notre Dame. Síðan er komin teiknimynd um ævintýri kryplingsins góðhartaða og meyjunnar fögru. Teiknimyndin er í lit. Það er blóðbaðið í fréttunum líka.

Ég fæ enn martraðir um að Quasimodo sé á leiðinni til mín. Hann ætlar að henda mér í kalda sundlaug, og veit að ég er ósýndur. Engar vöffur eða súkkulaði fyrir Svabba Há, svo mikið er víst. Á meðan þú dæmir mig fyrir að tala umbúðalaust, spyr ég á móti: Á hvað er barnið þitt að horfa? Syndir barnið þitt í köldu vatni þó það hafi aldrei í laug komið?



EKKI MISSA AF



► **20.15 Stærsta nef á Borneó** SJÓNVARPIÐ



► **20.55 American Idol** STÖÐ 2



► **18.00 The Pacifier** STÖÐ 2 BÍÓ



► **22.00 Twenty Four** SIRKUS



► **22.00 C.S.I.** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

12.35 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2007 e.

15.45 Leikir kvöldsins

16.10 Ensku mörkin

17.05 Leiðarljós

17.50 Tákn málsfréttir

18.00 Myndasafnið

18.01 Fyndin og furðuleg dýr (23:26)

18.06 Lítil prinsessa (13:30)

18.16 Halli og risaeðlufatan (9:26)

18.30 Vínkonur (34:52)

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

► **20.15 Stærsta nef á Borneó** (The Biggest Nose in Borneo) Hollenska heimildamynd um nefana í fenjaskógum Borneó og hvernig þeir bregðast við þegar menn ráðast inn í heimkynni þeirra.

21.15 Lífsháski Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á eyju.

22.00 Tíufréttir

22.25 Ensku mörkin e.

23.20 Orquesta típica Fernández Fierro Verðlaunamynd um argentínsku tangóhjúmsveitina Orquesta típica Fernández Fierro. Sveitin sem hefur vakið athygli fyrir nýstárlegar útsetningar og skemmtilega framkomu heldur tónleika í NASA í Reykjavík 31. maí og á alþjóðlegri tónlistarhátíð á Akureyri, AIM Festival, 2. júní.

00.40 Kastljós

01.20 Dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06:00 Clint Eastwood: Líf og ferill

08:00 Spy Kids 3-D: Game Over

10:00 The Pacifier

12:00 Everyday People

14:00 Clint Eastwood: Líf og ferill

16:00 Spy Kids 3-D: Game Over

► **18:00 The Pacifier**

20:00 Everyday People

22:00 Mr. and Mrs. Smith Gamansöm glæpamynd með stórleikurunum og parinu Brad Pitt og Angelinu Jolie í aðalhlutverkum. Leikstjóri: Goug Liman.

00:00 Chain Reaction (e)

02:00 U.S. Seals II

04:00 Mr. and Mrs. Smith



07.20 Batman

07.40 Myrkfælnu draugarnir (64:90)

08.05 Oprah (Miss USA Returns To Harpo)

08.50 Í fínu formi 2005

09.05 Bold and the Beautiful

09.25 Forboðin fegurð (48:114)

10.10 Numbers (10:24)

11.05 Fresh Prince of Bel Air 4

11.30 Man's Work (8:15)

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Nágrannar

13.10 Sisters (10:24)

13.55 Neyðarfróstrurnar (4:16)

14.50 The Robinsons

15.20 Punk'd (2:16)

15.50 Galdrastelpurnar (7:26)

16.13 Tíburasystemurnar (22:22)

16.38 BeyBlade

17.23 Froskafjör

17.28 Bold and the Beautiful

17.53 Nágrannar

18.18 Ísland í dag og veður

18.30 Fréttir

18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður

19.40 The Simpsons (1:22)

20.05 Grey's Anatomy (21:25) Spennandi og dramatiskir þættir sem gerast á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattleborg en þar starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Einkalíf ungu lækna á það til að flækjast fyrir þeim.

► **20.55 American Idol** (36:41) Það eru aðeins fjórir söngvarar eftir en í lok kvöldsins fáum við að vita hverjir verða þeir þrír efstu.

21.40 American Idol (37:41)

22.25 Saved (1:13) Rómantískir spennuþættir í anda Grey's Anatomy þar sem fylgst er með sjúkraflutningamönnum í blíðu og stríðu. Tom Everett Scott fer þar fremstur í fríðum flokki ungra leikara.

23.15 Shark (18:22) Nýir bandarískir spennuþættir sem fjalla um stjómulögfræðinginn harðsvíraða Sebastian Stark.

00.00 Rome (3:10)

00.55 Las Vegas (4:17)

01.40 Megido: The Omega Code 2

03.25 Elsker dig for evigt (Open Hearts)

05.15 Fréttir og Ísland í dag

06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SIRKUS TV

18.00 Insider Í þessum þáttum fara stjórnmendur með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bak við heitasta slúðrið í Hollywood.

18.30 Fréttir

19.00 Ísland í dag

19.35 Girls Next Door (5:15) (e) (Fight Night) Í þessari einstöku þáttaröð fá áhorfendur að kíkja inn fyrir hlið hallarinnar og inn í heim Hugh Hefner, sem er engu líkur, og að sjálfsgöðu færðu að fara í party með honum. Bönnuð bönum.

20.00 Entertainment Tonight Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægari stjórnur.

20.25 Pussycat Dolls Present: The Se

21.15 Trading Spouses Nokkrar fjölskyldur taka sig til og prófa nýtt líf. Er líf þeirra ekki nógu gott eða eru þau vanþakklát? Við fylgumst með nokkrum fjölskyldum þar sem mæður og feður skipta um fjölskyldur. Í hverri viku mun einn húsráðandi skipta um hlutverk við annan húsráðanda. Þau munu ala upp börn þeirra, hugsa um heimilið þeirra og fá þannig að upplifa annað líf.

► **22.00 Twenty Four** (17:24) Sjötta þáttaröð vinsælasta spennuþátta Stöðvar 2 síðustu árin. Þátturinn hefur margsinis hlotið Golden Globe og Emmy-verðlaunin.

22.45 Cold Case (16:24) Fjórða þáttaröð þessara vinsælu spennuþátta. Lily Rush er rannsóknarkona hjá lögreglunni í Fladelfíu sem hefur þarft verk að vinna. Hún rannsakar gömul mál sem hafa aldrei verið leyst og þarf að beita kænsum og klókindum til þess. Bönnuð bönum.

23.30 Joan of Arcadia 1

00.15 Girls Next Door (5:15) (e)

00.40 Entertainment Tonight (e)

01.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORDURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasinþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.5 næsta dag.

16.45 og 17.45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

07.15 Beverly Hills 90210 (e)

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Vörutorg

09.45 Melrose Place (e)

15.15 Vörutorg

16.15 Game tívi (e)

16.45 Beverly Hills 90210

17.30 Melrose Place

18.15 Rachael Ray

19.00 Everybody Loves Raymond (e)

19.30 Malcolm in the Middle (e)

20.00 The O.C. - Lokapáttur Bandarísk unglingsæria. Þáttunum líkur hálfu ári eftir að jarðskjálftann sem rústaði Newport. Áhorfendur fá nú að kynna örlögum íbúanna.

21.00 Heroes (18:23) Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk sem öðlast óvenjulega hæfileika. Nathan hittir Linderman rétt fyrir kosningar. Hiro gerir órlagaríka tilraun til að ná í sverðið, Suresh kemst yfir nýjar upplýsingar um heitulistann og ný hetja, Candice Wilmer, er kynnt til sögunnar.

► **22.00 C.S.I.** (17:24) Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar Las Vegas borgar. Vinsæll körfuboltastrákur og klappstýra hverfa sporlaust eftir leik.

22.50 Everybody Loves Raymond

Bandarískur gamanþáttur. Frank verður afbrýðisamur þegar Marco eyðir tíma með Marie.

23.15 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.

00.05 Boston Legal (e)

01.05 Psych (e)

01.55 Beverly Hills 90210 (e)

02.40 Melrose Place (e)

03.25 Vörutorg

SKJÁR SPORT

14.00 Watford - Newcastle (frá 13. maí)

16.00 Sheff. Utd. - Wigan (frá 13. maí)

18.00 Prumuskot

19.00 Tottenham - Man. City (frá 13. maí)

21.00 Ítölsku mörkin

22.00 Prumuskot (e)

23.00 Ítalski boltinn

01.00 Dagskrárlök



Ævintýrlega gott!

Ljúffeng ýsa í hvítlauksostasósu



Ævintýrlegar fiskbúðir

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.05
Grey's Anatomy

Dramatíkin heldur áfram í Grey's Anatomy en það má alltaf treysta því að lækarnir ungu ná að koma sér í einhver vandræði. Í þætti kvöldsins flækjast ástamálín á Seattle Grace allverulega þegar tveir af læknum enda saman í rúminu. Þetta eru fremur óvæntar ból-farir enda hafa þessir læknar hingað til verið kenndir við aðra úr starfsliðinu.



► **Við mælum með 7th Heaven Skjäreinn kl. 20.00**

Í sumar verður sýnd þáttaröð sem hefur verið mjög vinsæl í Bandaríkjunum undanfarinn áratug. 7th Heaven er fjölskylduvæn unglíngasería sem hóf göngu sína vestanhafs árið 1996 og heldur enn velli. Engin unglíngasería hefur enst jafnlengi og fá áhorfendur nú að sjá söguna frá upphafi. Camden-fjölskyldunni er fylgt í gegnum súrt og sætt en Eric og Annie eiga sjö börn og hafa í mörg horn að líta.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.50 Bæn
- 07.05 Morgunvaktin
- 09.05 Laufskálinn
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Stefnumót
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 2.03 Hádegisútlarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Útlarpssagan: Lífsjátning
- 14.30 Miðdegistónar
- 15.03 Krossgötur
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregnir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.24 Auglýsingar
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 19.00 Vítinn
- 19.30 Laufskálinn
- 20.10 Söngvamá
- 21.00 Framtíð lýðræðis
- 21.55 Orð kvöldsins
- 22.15 Úr tónlistarlífinu
- 00.10 Útlarp á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

- 07.00 Landsbankamörkin 2007
- 07.30 Landsbankamörkin 2007
- 08.00 Landsbankamörkin 2007
- 08.30 Landsbankamörkin 2007
- 10.25 PGA golfmótaröðin 2007
- 13.45 Spænski boltinn
- 15.25 Landsbankadeildin 2007 (Valur - Fram)
- 17.15 NBA - Úrslitakeppnin (NBA 2006/2007 - Playoff games) Leikur í úrslitakeppninni í NBA körfuboltanum.
- 19.15 Landsbankamörkin 2007
- 19.45 Landsbankadeildin 2007 (KR - Keflavík) Bein útsending frá leik KR og Keflavík í 1. umferð Landsbankadeildarinnar í knattspyrnu. Þessi lið mættust í bikarúrslitum síðastliðað haust og þá unnu Keflavíkingar öruggan sigur.
- 22.00 Spænsku mörkin
- 22.45 Þýski handboltinn
- 23.15 Coca Cola mörkin
- 23.45 Landsbankadeildin 2007 (KR - Keflavík)
- 01.35 Heimsmeistaramótið í Póker

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

- 20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignimar á markaðnum sýndar.
- 21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi - þú finnur það hér!
- 22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
- 23.00 Nýjar eignir e.
- 0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

- 6.00 Postmand Per 6.15 Noddy 6.30 Smag på Danmark - með Meyer 7.00 Grønne haver 7.30 Debatten 8.10 Pianolæreren 8.30 Byens Rum 9.00 Den 11. time 9.30 Grauballemanden 10.00 TV Avisen 10.10 21 Søndag 10.50 OBS 10.55 Et år med Sveriges kongefamilie - 2006 11.50 Aftenshowet 12.20 Jeg elsker bøffer 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.10 Dawson's Creek 14.00 Hjerteflimmer 14.30 Snurre Snup og den goe rilla 14.35 Monster allergi 15.00 Dragejægerne 15.30 Den lille brandskole 15.55 Gurli Gris 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 16.55 Aftenshowet med Vejret 17.30 Genbrugsguld 18.00 Overlevelsens gæde 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Inspector Rebus 21.05 Fantastiske mrs. Pritchard 21.55 OBS 22.00 Poul Martinsen kavalgade 4.30 Dyrene fra Lilleskoven 5.00 Rasmus Klump 5.10 Palle Gris på eventyr 5.30 NU er det NU 6.00 Postmand Per

NK1

- 6.30 Jukeboks 7.30 Jukeboks 8.15 Med hjertet på rette staden 9.05 Ut i naturen: Fangstmannen på Svalbard 9.30 Migrapolis: Mann med stor M 10.00 Siste nytt 10.05 Sjalusiens makt 11.00 Siste nytt 11.05 Schrödingers katt 12.00 Siste nytt 12.05 Norge rundt 12.30 Apen himmel 13.00 Giro d'Italia 14.00 Siste nytt 14.03 Giro d'Italia 15.00 Siste nytt 15.03 Giro d'Italia 15.25 Oddasat - Nyheter på samisk 15.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Mikkes klubbhus 16.25 Sauer 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Puls: Bedre Puls 17.55 Faktor: Livets lotto 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Sykkelveld fra Italia 19.40 Livets porto 20.30 Landeplage 21.00 Kveldsnytt 21.15 Napoleon 22.55 Little Britain 5.30 Sport Jukeboks

SVT 1

- 7.30 Världen 8.30 Ekonomicoaching 10.00 Rapport 10.05 Agenda 11.00 Sportspeglin 12.25 Brusten himmel 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Ramp 15.30 Krokmax 16.00 Charlie och Lola 16.10 Asta-Marie, det är jag 16.20 Brum 16.30 Evas funkarprogram 16.45 Dr Dogg 17.00 Skolbyte på prov 17.15 Planet Sketch 17.30 Rapport 18.00 En odödlig man 19.00 Plus 19.30 Kobra 20.00 I sinnets värld 21.00 Rapport 21.10 Kulturmyterna 21.20 En familj som alla andra 22.20 Sändningar från SVT24 4.00 Gomorron Sverige

SUMARHÚSAEIGENDUR - FELLIHÝSAEIGENDUR ATH! NÚ STANDA YFIR

DÝNUDAGAR!!!

HEILSURÚM
með tvöföldu fjaðrakerfi

Verð frá: kr. 37.440

20%
Afsláttur

Stærðir:
70 x 200 cm.
80 x 200 cm.
90 x 200 cm.
100 x 200 cm.
120 x 200 cm.
140 x 200 cm.
160 x 200 cm.
180 x 200 cm.

YFIRDÝNUR gera rúmið þitt notalegra

Verð frá: kr. 12.720

20%
Afsláttur

Stærðir: 70 x 200 cm. 120 x 200 cm.
80 x 200 cm. 140 x 200 cm.
90 x 200 cm. 160 x 200 cm.
100 x 200 cm. 180 x 200 cm.

EGGJABAKKADÝNUR
Verma og mýkja

Allar stærðir

30%
Afsláttur

SPRINGDÝNUR

Verð frá: kr. 12.720

20%
Afsláttur

Stærðir: 70 x 200 cm. 120 x 200 cm.
80 x 200 cm. 140 x 200 cm.
90 x 200 cm. 160 x 200 cm.
100 x 200 cm. 180 x 200 cm.

SÉRSKORINN SVAMPUR

20%
Afsláttur

SVAMPDÝNUR EFTIR MÁLI

20%
Afsláttur

KODDAR OG SÆNGUR

20%
Afsláttur

SVEFN SÓFAR

20-40%

LYSTADÚN
Marco

PAR SEM FAGMENNSKA OG FJÖLBREYTNÍ FARA SAMAN

Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-15

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, s: 471 2954



„Þegar ég er að keyra strætó hlusta ég á Rás 2 til níu og síðan er það Útvarp Saga til tíu. Eftir það er það gullið, 90,9, til fjögur á daginn. Þá tekur við Reykjavík síðdegis á Bylgjunni. Í bílnum mínum hlusta ég á vin minn Björgvin Halldórsson og Chicago, sem er besta band í heimi.“

André Bachmann, tónlistarmaður og strætóbílstjóri.

Samdi nýtt stef fyrir Ríkisútvarpið

„Þetta er stef sem ég samdi síðasta sumar,“ segir Sveinbjörn Thorarensen, betur þekktur sem Hermigervill, sem samdi nýtt stef sem hljóma mun undir samlesnu auglýsingunum á Rás eitt og tvö. „Ég fékk Björn Thorarensen, pabba minn til að spila á hljómborð fyrir mig. Þannig að þetta er svona feðga samvinna. Hann spilaði með Mezzoforte í gamla daga og kemur með smá áhrif þaðan. Sjálfur spilaði ég á gítar.“

Stefið er nú þegar farið að hljóma undir auglýsingunum. Sjálfur hefur hann ekki heyrt það í útvarpinu þar sem hann er búsettur í Amsterdam um þessar mundir þar sem hann leggur stund á hljóðupptökunám. Hermigervill segist óhræddur

við að hrófla við svona rótgróinni menningarstofnun og segir að stefið sé mjög ólíkt tónlistinni sem hann gerir vanalega. Hann segir að svona stef séu tónlist sem maður eigi helst ekki að taka eftir og séu samín með það í huga.

„Ég var að reyna að ná svona „Bob James filing“ í stefið. Það er „fusion“ djasstónlistarmaður sem er svona pínulítið ídól hjá mér. Annars var aðalmálið að gera eitthvað sem virkar í þessu samhengi.“

Aðspurður hvort hann telji að stefið eigi eftir að hljóma næstu fimmtíu árin segir hann: „Ég veit ekkert um það. Mér finnst þetta bara myndi og á örugglega eftir að hlæja í hvert sinn sem ég heyrir þetta.“



HERMIGERVILL Sveinbjörn Thorarensen hefur samið nýtt auglýsingastef fyrir Ríkisútvarpið.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. mats, 6. pot, 8. besti árangur, 9. gljúfur, 11. kusk, 12. barátta, 14. faðma, 16. átt, 17. sunna, 18. vætla, 20. tveir eins, 21. bor.

LÓÐRÉTT 1. fuglsnef, 3. hljóm, 4. planta, 5. arinn, 7. heimting, 10. léreft, 13. nagdýr, 15. óskipt, 16. sigti, 19. tvíhljóði.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. gog, 3. ón, 4. melasól, 5. stó, 7. tilkall, 10. lín, 13. mús, 15. sól, 18. flá, 20. lí, 21. alur.

LÁRÉTT: 2. döms, 6. ót, 8. met, 9. gíl, 11. íó, 12. gllma, 14. knúsa, 16. sa, 17. söl, 18. flá, 20. lí, 21. alur.

EGILL ÖRN: JPV SETUR SAMAN RÓÐRARLIÐ SKIPAÐ RITHÖFUNDUM

Bókabéusar klárir í bátana

„Einhverjar færeyskar húsmæður hafa unnið þetta árum saman. Bikarinn heim!“ segir Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri JPV útgáfunnar, herskár mjög.

Nú hafa forsvarsmenn bókaforlagersins í Vesturbænum skráð það til leiks í hina árlegu róðrarkeppni sem að venju er haldin á sjómanna-daginn, sem er fyrsti sunnudagurinn í júní. Eins og heyrir má á glaðbeittum framkvæmdastjóranum ætla bókabéusarnir sér stóra hluti í keppninni. Egill Örn segir reyndar hinar færeysku húsmæður ekkert lamb að leika sér við. „Í fyrria mátti Lögreglusamband Reykjavíkur lúta í lægra haldi fyrir þeim. Fil-efldir karlmennirnir. Þetta snýst sem sagt ekki um að geta tekið sem mest í bekkpressu heldur er sam-hæfingin það sem máli skiptir. Og hún er nú heldur betur til staðar hjá forlaginu.“

Einboðið hefði mátt ætla að Jóhann Páll Valdimarsson, JPV sjálfur, yrði skipperinn sem æpir á sína menn og hvetur til dáða. En Egill segir að JPV sé liðtækur ræðari sem ekki má missa af árinni.



ÍSLEIFUR Í NAUTHÓLSVÍK Enn er pláss fyrir lið í keppnina en róðrabátarnir eru sérsmíðaðir keppnisbátar.

„Nei, Bubbi Morthens (sem er að skrifa veiðisögur fyrir forlagið) kom því ekki við að keppa með okkur að þessu sinni. En ég vona að rithöfundar á borð við Ólaf Gunnarsson, Stefán Mána, Jón Atla og Hugleik leggist á árarar með okkur. Þetta er allt í undirbúningi.“

Leynivopn JPV-róðrarliðsins eru svo þeir Arnaldur Birgir Konráðsson og Róbert

Traustason, Bootcamp-þjálfarar og bókahöfundar – allsvakalegir naglar.

Í Nauthólsvíkinni fást vanir menn við að þjálfar þau lið sem skrá sig til keppni. Þegar eru komin fjögur lið og búist er við fleirum.

„Færeysku konurnar hafa verið að mala þetta undanfarin ár,“ segir Ísleifur Friðriksson siglingameistari en hann þjálfar þau lið sem eftir því leita í Nauthólsvíkinni. Hann segist illa svikinn ef þær mæta ekki til leiks núna og þá einnig lið sem kallar sig Ídýfurnar sem mun í startholunum. „Enn er pláss fyrir lið að taka þátt en þetta er sniðugt dæmi fyrir vinnustaði og saumaklúbba.“

Bátarnir sem notaðir eru eru sérhannaðir til kappróðurs en í hverjum bát er 7 manna róðarlið.

jakob@frettabladid.is



HARÐSNÚÐIÐ BÓKABÉUSA Þeir þessir eru allir kandidatar í róðrarlið JPV útgáfunnar.

EGILL ÖRN JÓHANNSON

STEFÁN MÁNI RITHÖFUNDUR

ÓLAFUR GUNNARSSON RITHÖFUNDUR

JÓN ATLI JÓNASSON

HUGLEIKUR DAGSSON

STILLUM HITANN HÓFLEGA

Góð ráð og gagnlegar upplýsingar um heita vatnið

www.stillumhitann.is

Hvað er að fréttu?

Við tækjum sportið

www.visir.is

Synirnir á báðum áttum með pabba

„Synir mínir eiga safnið og hafa skyldað mig til að horfa á það allt,“ segir leikarinn Ellert Ingimundarson en hann hefur verið ráðinn til að tala fyrir hinn guðhrædda Ned

Flanders í Simpson-myndinni sem frumsýnd verður í sumar. Ellert bætist þar með í fríðan hóp leikara en meðal þeirra sem hafa þegar verið ráðnir eru Örn Árnason fyrir hlutverk Hómers, Margrét Vilhjálmsdóttir sem talar fyrir Marge og Álf-rún Örnólfsdóttir en hún

NED FLANDERS Hefur einstakan hæfileika til að pirra hinn skapbráða fjölskyldufaðir, Hómer Simpson.



bregður sér í hlutverk hinnar ofurgáfuðu Lísu. Þá mun Sigrún Edda Björnsdóttir leika óláta-belginn og hrekkjalóminn Bart Simpson. Mikil eftirvænting ríkir eftir myndinni enda hefur gula fjölskyldan skemmt heiminum í rúm átján ár í sjónvarpinu.

Ellert segist þó eiga lítið sameiginlegt með hinum kirkjurækna Flanders en býst við því að kynna sér hann aðeins betur. „Jafnvel að maður fari bara að kíkja í kirkju og ætli maður endi ekki bara uppi sem Ned fyrir rest,“ segir Ellert og hlær en viðurkennir um leið að hann sé enginn sérstakur aðdáandi þáttanna. „Nú ætla ég bara að leggjast yfir safn strákanna og kynnst þessum fyr aðeins betur,“ bætir Ellert við og segist ekkert hafa fylgst með þeim deilum sem hafa sprottið upp í kringum talsetningu kvikmyndarinnar.

Reyndar eru synir Ellerts miklir aðdáendur þáttanna og segir hann að þeir hafi verið á báðum áttum með þá ákvörðun pab-



ELLERT Segist eiga lítið sameiginlegt með hinum guðhrædda og kirkjurækna Ned Flanders.

ans að taka að sér þetta hlutverk. „En ég held að þetta sé allt að koma hjá þeim. Þeir verða líka bara að styðja við bakið á gamla mannum þvi annars fá þeir ekkert að borða.“

FRÉTTIR AF FÓLKI


Bandaríski söngvarinn **Josh Groban** lenti í gærmorgun á Keflavíkurlugvelli en hann undirbýr sig af kappi fyrir tvö tónleika í vikunni. Leikarinn eyddi gærdeg-inum í að flakka um miðborg Reykjavíkur og njóta veðurbliðunnar með einkabílstjóra og hann ku gista á Nordica hóteli. Groban leggur mikið upp úr tónleikum sínum og er því frekar tímanlega enda lýsti hann því yfir í viðtali við Fréttablaðið að hann þyrfti að venjast bæði tíma og loftslagi.



Hins vegar voru tæknimenn á vegum Grobans mættir á laugardeginum og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa **Ísleifur B. Þórhallsson** og félagar hjá Concert aldrei kynnst svona góðu og miklu skipulagi. Starfsmenn Grobans voru árisulir og voru farnir að vinna í Laugardalshöllinni klukkan sjö á sunnudagsmorgni enda nægði hvorki meira né minna en heil flugvél undir öll tól og tæki og hefur sérstakur vörður verið settur á næturvakt uppi í höll til að gæta dýrgripanna.

Og fáir hafa sennilega farið oft úr og inn á þing á nýliðinni kosninga-nótti en **Guðmundur Steingrímsson** sem var í framboði fyrir Samfylkinguna í Kraganum. Á heimasíðu sinni telst frambjóðandanum svo til að hann hafi farið fjórum sinnum inn en því miður fimm sinnum út. „Ég náði meira að segja að fella ríkisstjórnina tvisvar,“ skrifar Guðmundur sem lýsti því yfir í heyranda hljóði að hann vildi stofna félag jöfnunarþingmanna. Annars hafði Guðmundur lúmskan grun um að úrslitin yrðu á þennan veg því móður hans, **Eddu Guðmundsdóttur**, hafði dreymt tölurnar 26 og 18 en það voru einmitt örlög Samfylkingarinnar; 26 prósent fylgi og átján þingmenn.

- fgg



reddot design award

Gorenje þvottavélar

Fyrir íslensk heimili



1200 snúninga 5 kg:	54.900.-
1200 snúninga 6 kg:	67.900.-
1400 snúninga 6 kg:	72.900.-
1600 snúninga 6 kg:	79.900.-
1600 snúninga 7 kg:	109.900.-

- Mjög hljóðlátar
- Auðveldar í notkun
- Hristivörn
- Flæðivörn
- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- 5-7 kg hleðsla
- 1200-1600 snúningar
- A í orkunýtni
- A í þvottahæfni

PIPAR • SÍA • 70083

REYKJAVÍK
Rönning
Borgartúni 24
Sími 562 4011

AKUREYRI
Rönning
Óseyri 2
Sími 460 0800

REYÐARFJÖRÐUR
Rönning
Nesbraut 9
Sími 470 2020

REYKJANESBÆR
Rönning
Hafnargötu 52
Sími 420 7200

RÖNNING
www.ronning.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

LYFJA
- Lífið heil

Opið 8-24
alla daga

Lyfja Lág múla
Lyfja Smáratorgi



BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Eftir væntingarnar!

Ætlaði að horfa á kosningar-
sýslunvarpið á Stöð 2. Sá að
Hannes Hólmsteinn var mættur
þar. Stríkaði hann út og stillti á
RUV ohf. Þar var allt huggulega
retró. Á kosninganótt er Ólafur Þ.
Harðarson meira virði en tíu ára
framfarir í tölvugrafík. Skemmti-
atriðin voru: Stressuð viðtöl við
stjórnálmamenn, skopstæling á
lélegri kúrekahljómsveit og skop-
myndateiknari. Ekkert bruð!

KOSNINGASPÁIN MÍN var
svona: Frjálslyndir 5%, Framsókn
10%, Íslandshreyfing 3%, Sjálf-
stæðir 38%, Samfylking 26%,
Vinstrigræn 18%.

KOSNINGAÚRSLITIN voru
svona: Frjálslyndir 7,3% (+2,3%),
Framsókn 11,7% (+1,7%), Íslands-
hreyfing 3,3% (+0,3%) Sjálfstæð-
ismenn 36,6% (-1,4%), Samfylking
26,8% (+0,8%), Vinstrigræn 14,3
(-3,7). Sem sýnir að stjórnmála-
flokkar og fjölmiðlar gætu spar-
að sér gríðarlegar upphæðir sem
fara í skoðanakannanir með því að
nota frekar heilbrigða skynsemi
til að spá í spilin.

SIGURVEGARAR: Geir Haarde
sem vinnur á þrátt fyrir að vera
samábyrgur um afglöp fyrri for-
sætisráðherra. Sem sýnir að geðs-
legir menn eiga alltaf einhvern
séns hvað svo sem líður sætastu
stelpunni á ballinu. Miðað við
skoðanakannanir er Steingrímur
lúser. Miðað við kosningar er
Steingrímur sigurvegari. Það eru
kosningarnar sem gilda.

LÚSERAR: Árni Johnsen og
Björn Bjarnason sem eiga við for-
tíðarvanda að etja. Jónína Bjart-
marz sem á við framtíðarvanda að
etja. Yfirlúserinn er Jón Sigurðs-
son sem leiddi Framsóknarflokk-
inn í mesta ósigur í sögu hans; sjá
nánar Publius Quinctilius Varus
og orustan í Teftóborgarskógi árið
9 e. Kr.

BESTU ATHUGASEMD kvölds-
ins átti gamli stjórnmálarefurinn
sem aðspurður um stjórnarmynd-
un svaraði því að á stund þjóðar-
innar væri ekki við hæfi að ræða
um ríkisstjórn – sem þýðir vænt-
anlega: Stjórnálmamenn virða rétt
okkar hinna til að kjósa en áskilja
sjálfum sér rétt til að gera það
sem þeim sýnist við úrslitin.

NIÐURSTAÐA: Sting upp á því
að þjóðin fái í framtíðinni húsfríð
fyrir skoðanakönnunum í svo sem
tvær vikur fyrir alþingiskosning-
ar, sveitastjórnakosningar og for-
setakosningar.

Glænýr Astra Turbo



Nýr, fallegri og miklu betri Opel.



www.opel.is

2.290.000 KR. OPEL ASTRA TURBO – 17" ÁLFELGUR, 6 GÍRA, 180 HESTAR
35.387* KR. Á MÁNUÐI. ENGIN ÚTBORGUN

Ný Opel Astra Turbo er fallegasti bíllinn á götunni. Astra eru alltaf léttir
og snöggir en með Turbo eykst krafturinn til muna. Stórglæsileg hönnun
helst í hendur við kraftmikla vél og magnaða aksturseginnleika. Stöðugleiki
á veginum er frábær og útvortis hönnun minnkar vindmótstöðu.
Niðurstaðan er kraftmikill og lifandi akstur.

Hlaðinn aukabúnaði

ESP skriðvörn, útvarpsfjarstýring í stýri, samlitur og loftkæling. 7 hátalarar, spilar mp3,
hiti í sætum, aksturstölva og margt, margt fleira.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

- Þýskur
- Flottur
- Turbo
- Kraftmikill
- Vinsæll
- Verðlaunaður
- Aukabúnaður
- Dýr
- Klunnalegur
- Kraftlaus
- Leiðinlegur
- Ljótur

VORSALA - RÉTTI TÍMINN

OLYMPUS

OLYMPUS FE-170
6,0 milljón pixlar
3 x aðdráttarlinsa
(38-114mm)
Ljósop 1/3, 1-5.9
Vaj á milli 10 programstillinga
Tekur upp myndskelð (video)
með hljóði
Innbyggt 9 MB minni.
Notar XD minnskort
Þyngd 124 grömm án rafhliðu

VERÐ: 15.900 KR.
TILBOÐSVERÐ 10.900 KR.

Nintendo

Nintendo DS Lite
LEIKJATÖLVA
BARA GAMAN!
BARA FLOTT!

Ein allra vinsælasta leikjatölva
heims. 42 milljónir véla seldar um
allan heim. Frábært leikjasafn

VERÐ ÁÐUR: 16.900 KR.
LÆKKAD VERÐ: 14.900 KR.

Pioneer

PIONEER DVR-440H
DVD upptökutæki með hörðum disk
Innbyggður 80GB harður diskur (allt að 227 klst. upptaka)
Tekur upp á allar gerðir DVD diska (Dual-Layer)
Chase Play – samhlöða afspilun og upptaka
Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX



VERÐ: 65.900 KR.
TILBOÐSVERÐ: 49.900 KR.

Jamo

Jamo S-502
Vandað heimatúkerfi með
5 hátölurum og bassaboxi /
6X60W / HDMI tengi / USB tengi

VERÐ: 49.900 KR.
TILBOÐSVERÐ: 39.900 KR.

ORMSSON

ELLEFU VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT